

## - Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

### Umsögn um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun

612. mál.

*Alþingi*

*Erindi nr. P 132/1657*

*komudagur 19.4.2006*

### Inngangur

Það hefur stundum verið lagt til að Veiðimálastofnun (Vmst) verði lögð niður og á Alþingi eru nú menn sem sett hafa slíkt fram. Rót þessa er að oft hefur verið almenn óánægja með störf stofnunarinnar. Ekki skal farið nánar út í það hér að öðru leiti en því að stofnunin hefur verið nær einráð á sviði vatnarannsóknna og ráðgjafar og nú á tímum aukinnar menntunar og frjálsræðis má kalla það einokun.

Svo virðist sem þessum lögum sé ætlað að treysta þá stöðu. Enn vil ég vekja athygli á því að forstjóri stofnunarinnar var laganefndinni til 'faglegrar' ráðgjafar, að því er kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu.

Þar kemur einnig fram að drög að lögnum hafi verið kynnt á vef Landbúnaðarráðuneytisins í september 2005 og að athugasemdir hafi borist frá 34 aðilum (ekki lítið!) og samtökum, að farið hafi verið yfir þær og tekið tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til. Hins vegar hafa þessa athugasemdir ekki verið birtar og ekki fengist þó sérstaklega hefi verið leitað eftir því.

-----  
4. gr. 6. liður. Mér finnst ekki rétt að Vmst veiti ráðgjöf um lífríki, mannvirkjagerð o. fl. þar sem hún er einnig umsagnaraðili, og hefur heimild til að stunda og taka gjald fyrir rannsóknir, sem er svo aftur grundvöllur ráðgjafar. Þetta er óeðlilegt.

7. liður. Hér er Vmst sett inn á fyrirtækjasvið / einkasvið. Þetta krefst fjárfestinga í mannvirkjum og starfsfólki og er umsvifamikið starf sem stofnunin ætti að fela einkaaðilum. Spyrja má einnig: Fyrir hvern er stofnunin að gera þetta?

9. liður. Stofnunin skal veita lögboðnar umsagnir. Þetta er í blóra við samkeppnislög ef 10. liður 4. gr. og 6. gr. um gjaldtöku verður samþykkt.

10. Falli brott. Ekki á að vera hægt að rannsaka, taka gjald og veita svo umsögn um eigin verk. Þetta getur leitt til fjárkúgunar, beinnar eða óbeinnar.

11. liður. Óþarfur, þar sem 1. liður nær til þessa!

-----  
5. gr. 3. málsgrein. Óþarfi og felur í sér mikinn kostnað, og óeðlilega samkeppni við einkaaðila, sbr. umsögn við 7. lið 4. gr.

4. málsgrein. Þetta er ósamræmanlegt því hlutverki að vera rannsóknaraðili. Ef Vmst eignast hlut t.d. Stjórnú Odda, hvar ætlar hún að kaupa merki?

-----  
6. gr. Þessi grein verður að falla burt. Í raun ætti að standa í þessari grein að Vmst sé óheimilt að taka gjald fyrir rannsóknir. Ef hið opinbera vill láta stunda grunnrannsóknir og

## - Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

hafa stofnun sem sér um skráningu og veitir umsagnir verður sú stofnun að vera fjárhagslega sjálfstæð.

Ég hef sjálfur orðið fyrir barðinu á einokun Vmst. Þeir hafa haft af mér mörg verkefni sem ég var byrjaður á með því að beita verkkaupa mína þrýstingi. Hafa þeir orðið að láta undan hótunum og segja mér upp. Í sumum slíkum tilfellum hef ég sent skaðabótareikning. Vmst hefur einnig hótað mínum viðskiptavinum því að versli þeir ekki við Vmst, þá fái þeir ekki vilyrði eða meðmæli við beiðnum sínum um framkvæmdir eða fyrirgreiðslu.

Þá hafa þeir beitt rógi til að sverta mig í augum viðskiptavina og sagt að betra sé að versla við stofnun en einstaklinga. Ég vil ekki nefna einstök atvik, en skal telja þau upp verði þess óskað.

Þó vil ég benda á gagnkvæman samning Vmst og OR um rannsóknir í Elliðaám, þar sem Vmst hefur þegið rannsóknafé í 20 ár, gegn því að taka ekki of hart á aðgerðum OR í ánum í tengslum við rafmagnsframleiðslu, með tilheyrandi þurrkunum á árfarvegi. Einnig "gagnkvæmri samvinnu" Landsvirkjunar og Vmst í tvo áratugi.

Engir aðrir virðast fá tækifæri til að komast þar að.

Þá virðist Vmst hafa, í gegn um samtryggingakerfi, aðgang að sjóðum, t.d. Framleiðnisjóði og Fiskræktarsjóði. Aðrir komast þar ekki að.

Fleira mætti nefna, sem hindrar samkeppni eins og samvinnu ríkis- og bæjarstofnana um að skipta með sér styrkjum og verkefnum. Hér á ég m.a. við HÍ og Náttúrustofu Kópavogs. Allt til að koma í veg fyrir að einkaaðilar geti eflt sínar rannsóknir.

**Veiðimálastofnun á að vera bannað að selja út vinnu.** Ef það vantar fé á að draga sig út úr s.k. þjónusturannsóknum, um þær getum við einkaaðilar séð, segja upp þeim sem við það hafa starfað og fara fram á fé til að sinna því sem þeim stjórnvöld ætla þeim.

Þeir ættu svo að miðla þekkingu til okkar í einkageiranum, skýra frá því sem kemur fram á ráðstefnum erlendis og hafa við okkur gagnkvæma samvinnu um rannsóknaniðurstöður.

Þeir eiga **ekki** að fá að halda áfram fyrri starfsháttum, að níða niður skóinn af keppinautunum.

Reykjavík, 18. maí 2006

Jón Kristjánsson



## LANDSSAMBAND STANGAVEIÐIFÉLAGA

THE ASSOCIATION OF ICELANDIC ANGLING CLUBS

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1645*  
*komudagur 18.4.2006*

Landbúnaðarnefnd Alþingis.  
Nefndarsvið Alþingis.  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Garðabær 15 apríl 2006.

### **Umsögn um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.**

Landssamband Stangaveiðifélaga fagnar því tækifæri að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. Að mat landsambandsins er hér um skýran lagatexta að ræða og gerir landsambandið ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt.

F.h. Landssambands Stangaveiðifélaga.

Ingólfur Þorbjörnsson  
Formaður.



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1634*  
*komudagur 18.4.2006*

Reykjavík, 11. apríl 2006

## **Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um:**

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607 mál, þskj. 891  
Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897  
Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898  
Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879  
Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

Landssamband veiðifélaga hefur fengið ofangreind frumvörp til laga til umsagnar og fylgir umsögn okkar hér með.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigþórsson,  
formaður LV

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé ekki stunduð með ólöglegum hætti. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi. Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

### X **Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897**

Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á við endurskoðun laganna um Veiðimálastofnum að ekki verði hróflað við faglegu sjálfstæði stofnunarinnar. LV hefur á undanföllum aðalfundum ályktað um að efla beri Veiðimálastofnun til að hún geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Því miður eru fjárveitingar til Veiðimálastofnunar lágar undanfarin ár og standa hvergi undir rekstri hennar. Lætur nærri að 2/3 tekna Veiðimálastofnunar komi af sjálfsaflafé. Í þessu ljósi gerir LV athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

Í 1. gr. falli brott málsgreinin “*Veiðimálsstofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.*” LV telur slíka málsgrein í lögnum algjörlega óþarfa enda ekkert að finna þar sem hindrar að slík samvinna eða samstarf geti farið fram og þá á jafnréttisgrundvelli. Lögbinding á samstarfi og samvinnu eins og frumvarpið kveður á um er andstætt þeim markmiðum um faglegt sjálfstæði stofnunarinnar sem LV vill standa vörð um við mótnun hennar.

Í 3. gr. er gerð sú breyting að í stað stjórnar stofnunarinnar er nú komið fagrað. Í ljósi þess að mikill meirihluti tekna stofnunarinnar kemur af sjálfsaflafé en ekki úr ríkissjóði leggst LV gegn þessari breytingu.

Ekki eru fleiri athugasemdir við frumvarpið.

### **Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898**

Landssamband veiðifélaga gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp um fiskrækt.

### **Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879**

Efnisatriði frumvarps um eldi vatnafiska er að mestu að finna í gildandi lögum um lax- og silungsveiði IX. kafla. Helstu viðbætur er að finna í 1. og 2. gr. laganna. Landssamband veiðifélaga telur varúðarreglu 1. gr. til mikilla bóta og í réttu samhengi við ný ákvæði sem er að finna í 19. gr. laganna um skaðabætur vegna tjóns sem stafar af starfsemi eldisfyrirtækja.

**Frv. til laga um Veiðimálastofnun.**  
**Þskj. 897 — 612. mál, Alþingi 2005 – 2006.**

Í frumvarpinu er ekki að finna markmið, gildissvið og skilgreiningar. Lög án markmiðs eða markmiða hljóta eðli máls samkvæmt að vera óþörf. Öll lög hafa sitt afmarkaða gildissvið og í flestum þeirra þarf að skilgreina helstu hugtök. Hér virðist því umtalsverð vinna óunnin.

Með hliðsjón af 4. gr. frumvarpsins og markmiðum frumvarps til laga um eldi vatnafiska og fiskrækt gætu markmið verið á þessa leið:

*Markmið laga þessara er alhliða þekking á nytjastofnum ferskvatna og lífríkis þeirra og miðlun upplýsinga þar um. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.*

Skilgreina þarf gildissvið laganna og í þeirri vinnu væri eðlilegt að hafa gildissvið hinna frumvarpanna til hliðsjónar.

Í frumvarpinu þyrfti að skilgreina eftirtalin hugtök. Skilgreiningar á þeim má finna í hinum frumvörpunum að hugtakinu „*nytjastofn ferskvatna*“ undantöldu.

*Ferskvatnsfiskar:*

*Ferskvatnsvistkerfi:*

*Fiskeldi.*

*Fiskrækt.*

*Nytjastofnar ferskvatna.*

*Vatnalífverur.*

Virðingarfyllst,

*Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar*

Laxfiskar ehf  
Jóhannes Sturlaugsson  
Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær  
Sími: 664 70 80  
Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1905  
komudagur 27.4.2006

27. apríl 2006

**Landbúnaðarnefnd Alþingis -  
Minnispunktur fyrir Landbúnaðarnefnd vegna fundar 27. apríl 2006  
Varðandi umsagnir Laxfiska um þskj. 897—612. mál, frumvarp til laga um  
Veiðimálastofnun og fylgifrumvörp þess (þskj.:891; 898; 879; 880)**


Lagafrumvarpið um Veiðimálastofnun og fylgifrumvörp þess felur að óbreyttu í sér gríðarlegar samkeppnishömlur gagnvart einkaaðilum sem leggja stund á rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og ráðgjöf á því sviði.

Eðlileg samkeppni fæst ekki þrífist gegn Veiðimálastofnun, þegar hún sinnir öllum lögbundnum umsögnum o.þ.h. skilyrtum verkum en er samtímis á kafi í samkeppni við einkaðila um önnur verk. Af sömu ástæðu fæst hlutleysi Veiðimálastofnunar ekki þrífist í slíku rekstrarumhverfi.

Af þessu leiðir að breyta þarf starfsemi Veiðimálastofnunar á þá vegu að hlutleysi hennar sé til staðar varðandi lögboðnar umsagnir sem felst fyrst og fremst í því að stofnunin standi ekki í samkeppnisrekstri við einkaaðila. Vinnu við lögboðin verk á þessu starfsviði myndi ríkið tryggja með greiðslum til Veiðimálastofnunar. Ef ríkisvaldið vill síðan leggja málaflöknum frekara lið svo sem eðlilegt verður að teljast þá væri rannsóknaraðilum gert kleift að keppa um þá fjármuni á jafnræðisgrundvelli s.s. með útboðum.

Allar eða nálega allar rannsóknir Veiðimálastofnunar þ.m.t. grunnrannsóknir eru unnar á samkeppnisvettvangi í dag. Grunnrannsóknir hafa verið helsti vettvangur samkeppni í rannsóknum á starfsviði Veiðimálastofnunar síðustu ár og svo verður áfram. Grunnrannsóknirnar eru engu að síður ekki færðar bókhaldslega með samkeppnisverkefnum Veiðimálastofnunar í dag, hverju sem það sætir. Í lagafrumvarpinu endurspeglar 6. greinin það að sá samkeppnisrekstur Veiðimálastofnunar sem stundaður er þar í dag, er ekki lagður til grundvallar í frumvarpinu, því einungis er vitnað til þess að aðskilja þurfi þjónusturannsóknir frá grunnrekstri stofnunarinnar.

Vankantar lagfrumvarpsins um Veiðimálastofnun og fylgifrumvarpa þess eru það miklir að ekki verður séð að hægt verði að sníða þá af nema með því að fresta lokaafgreiðslu frumvarpanna til næsta löggjafarþings.

  
Jóhannes Sturlaugsson Laxfiskum

**Havets ressenser  
og miljø 2005**



Udgivet af Miljøstyrelsen



# 5.6

## Likt og ulikt om laks. Laksebestanden i Norge og marine lakseundersøkelser 1995–2004

Laksen er en anadrom art, dvs. gyting og yngelproduksjon foregår i ferskvann, mens beiteområdene er i havet der også mesteparten av tilveksten skjer. I forhold til andre fiskearter som beiter i de samme havområdene er antallet laks svært lavt. Biomassen er noen tusentalls tonn, mens biomassen av de fleste andre artene kan måles i hundretusener tonn. Miljøverndepartementet har ansvaret for forvaltningen av de ville laksebestandene. Villaks inngår derfor ikke i de forvaltningsrettede undersøkelserne som bestilles av Havforskningsinstituttets oppdragsgiver, Fiskeri- og kystdepartementet. Laksen er likevel en naturlig del av økosystemet i flere av havområdene instituttet overvåker, og laks har alltid forekommet i forskningsfangstene fra for eksempel Norskehavet, om enn sporadisk og i lavt antall inntil utviklingen av nye typer forsøkstrål.

Foto: Ove Skjilbrei



**Marianne Holm**

marianne.holm@imr.no

**Lars P. Hansen**

l.p.hansen@nina.no

**Jens Christian Holst**

jens.christian.holst@imr.no

**Monika Haugland**

monika.haugland@imr.no

**Jan Arge Jacobsen**

janarge@frs.no

**Johannes Sturlaugsson**


johannes@laxfiskan.is

Havforskningsinstituttet har imidlertid vært engasjert i forskning på "fritt svømmende" laks siden slutten av 70-tallet i forbindelse med ulike problemstillinger relatert til kulturbetinget fiske/havbeite, atferdsstudier m.v. Ved en økt satsing på økosystembasert forskning er det også naturlig å inkludere laks blant de marine arter som undersøkes, særlig da Norske-

havet og tilgrensende områder ser ut til å være hovedoppvekstområdet for storparten av laksen som vandrer ut av de europeiske elvene. Da villaksundersøkelsene ikke har vært publisert tidligere i de årlige rapportene, vil denne rapporten oppsummere de siste ti års forskning, dvs. de år da det har foregått en målrettet innsats på laks i havet i regi av Havforskningsinstituttet. Utviklingen i laksebestandene og -fiskeriene i Norge er også kort omtalt.

### Bakgrunnen for Havforskningsinstituttets lakseundersøkelser

Mens forskning på laks i ferskvannsfasen har vært drevet i ca. 150 år, har det vært lite kunnskap om laksens liv og utbredelse i havet. Særlig gjaldt dette postsmolt, dvs. unglaks fra de forlater elvene og frem til den første vinteren i havet. Disse smålaksene ble det ikke fangstet på i de internasjonale havfiskeriene etter laks som pågikk fra 1960-tallet frem til midten av 90-tallet, og det fantes derfor få opplysninger om utbredelse og økologi til disse stadiene.



**Figur 5.6.1**


Modifisert forsøkstrål for laks med "levendefisk-kiste" for fangst av fisk til merking og utsetting. Modified salmon trawl with live fish capture device for use in tagging and release experiments.

På grunn av at laksen opptrer i lav tetthet og små stimer i de øvre vannlagene, er det ikke mulig å bruke ekkolodd og sonar til å studere laks i havet. Fra og med 1991, da den nye "Åkratrålen" som kan taues med ekstra flytelementer på trålvinger og kuleline (headline) ble tatt i bruk, begynte Havforskningsinstituttet å få oftere og større postsmoltfangster på sommertoktene i Norskehavet. Samme år ble det også registrert postsmolt i det nordlige Norskehavet over et stort område ved partrålingsforsøk etter sild. Fra 1995 ble laksen inkludert i Havforskningsinstituttets undersøkelsesprogram for pelagiske fisk.

Trålmetodikken har siden blitt videreutviklet og forbedret, og f.o.m. 2000 er det tatt i bruk en spesiell laksetrål som er grunnere, men bredere, og som har en "levendefisk-kiste" hekket på trålposen der de fangete fiskene blir samlet opp slik at de ikke blir ødelagt under trålingen (Figur 5.6.1). Denne trålen er lettere enn Åkratrålen, kan taues i høyere fart (ca. 5 knop) og "skummer" de øverste 10 m i vannlaget. Den har vist seg svært effektiv ved postsmoltfangst og fanger også større laks ganske godt, selv om de raskeste, største fiskene trolig fremdeles unnsniper i mange tilfeller. Undersøkelsene er blitt utført med egeninnsats fra Havforskningsinstituttet (fartøy- og personelltid) og med støtte fra Direktoratet for naturforvaltning, Norges forskningsråd og Nordisk ministerråd.

### Resultater

Frem til 2005 er det fanget vel 5.700 postsmolt i fjorder og åpent hav. 400 voksne laks er blitt registrert, de fleste etter at spesialtrålen ble tatt i bruk. I 2004 ble det fanget 657 postsmolt, hvorav 3/4 i Sognefjorden og Hardangerfjorden i forbindelse med lakselusundersøkelser, mens vel 140 eldre laks ble fanget. De fleste av de voksne laksene ble tatt i forbindelse med et merkeforsøk i Norskehavet som er nærmere beskrevet nedenfor. Totalfangstene fordeler seg som vist i Figur 5.6.2 a og b. Totalt dekker Havforskningsinstituttets tokter store deler av Norskehavet og norskekysten, mens fangstene derimot opptrer nokså konsentrert i enkelte områder. Dette mener vi forklares av at den utvandrede laksen fra landene ved Atlanterhavet i sørlige og mellomste deler av Europa benytter seg av de dominerende havstrømmene i vandringsområdet for å komme til beiteområdene nord i Norskehavet. Disse bestandene opptrer derfor konsentrert i den sterke nordatlantiske strømmen som går langs sokkelen vest av Irland og Skottland gjennom Færøysenna, videre opp mot Vøringplatået hvor den deler seg i østlig og en vestlig komponent. Utbredelsen er derfor svært lik strømkartet




Figur 5.6.2

Fordeling av fangster av postsmolt (A) og voksen laks (B) fra 1990-2004.  
Distribution of catches of postsmolts (A) and adult salmon (B) in 1990-2004.

**Figur 5.6.3**




Fordeling av smoltalder (ved overgang til sjøvann) i prosent av totalantallet postsmolt fanget i fjorder i Sørvest-Norge, ved kysten og i Norskehavet i 1999. Alder ved utvandring til sjøen bestemt fra skjell eller otolitter.

Age at entering the sea registered from scale readings of postsmolts captured in the Norwegian Sea, at the coast (SW- and Mid-Norway) and in SW-Norwegian fjords. Note the lack of one year smolts in the fjord material and the lack of fish >4 year in the Norwegian Sea.



for området (se Figur 7.1.2.1). Ytterligere bevis for at postsmolten beveger seg med den nordatlantiske strømmen er at majoriteten av postsmoltfangstene er tatt i områder der vannet er mellom 8–11 °C og saltholdigheten overstiger 35. Dette er karakteristisk for det atlantiske vannet. Også laksestammene fra Sør- og Midt-Norge antas å benytte deler av dette strømsystemet som transportsvei til de nordlige beiteområdene. Foruten gjenfangster av merket fisk i fjorder og nær kysten, har vi svært få dokumenterte fangster av norsk postsmolt både fra den antatte "tilfartsåren", den norske kyststrøm (Figur 7.1.2.1), og fra selve Norskehavet.

Hvilke regioner laksen som beiter i Norskehavet kommer fra kan man bl.a. "lese" fra skjellene, da sommer- og vinterveksten samt overgangen fra ferskvann til sjø vil avsette seg som distinkte mønstre i skjellet. Man kan da telle "årringene" frem til fisken er kommet i havet. Mens sørligere stammer går ut i havet hovedsakelig som 1–2-åring, er de nordlige (Norge fra Vestlandet og nordover, Island og Russland) 3 år og eldre når de forlater hjemelven. Alder ved utvandring er en genetisk og miljøbestemt tilpasning til forholdene i hjemelven. De vestsvenske og noen varme sørnorske elver produserer også 2-årig smolt og overlapper derfor noe med de syd- og mellomeuropeiske stammene. Figur 5.6.3 viser forskjellene i elvealder registrert fra postsmoltfangster ved norskekysten og i Norskehavet. Av det store antallet 1- og 2-årssmolt fremgår at mye av den fisken vi har fanget i Norskehavet må komme fra land sør for Norge og dessuten noen fra sørnorske eller svenske elver. Denne antagelsen støttes også av at mesteparten av de vel 60 merkete fiskene registrert i fangstene i Norskehavet kommer fra utsetninger i irske elver. Noen få merker fra Sør-England og Wales er også blitt registrert, og vi har gjenfanget fem norske merker i norskehavsfangstene. Fra merkinger foretatt ved Færøylene midt på 90-tallet vet vi at både nordlige og sørlige laksebestander har vinterbeiteområder rundt øyene, men det ser ut til at det er en viss tidsmessig forskjell i inn- og utvandringen til området for de ulike bestand-



**Figur 5.6.4**

Innslag av ulike byttedyr i relasjon til fødeinntaksrate (FR) i laksesmager fra a) områder vest av Skottland, b) Nordsjøen og c) Norskehavet i 1991 og 1995–2003.


Main prey groups in postsmolt stomachs in proportion of forage ratio (FR) a) West of the Hebrides and the Farøe-Shetland Channel, b) the North Sea and c) the Norwegian Sea in 1991 and 1995–2003.

ene. Vi vet heller ikke nøyaktig hvilke vandringsruter de ulike laksestammene benytter seg av for å ende opp nord for Færøyene om vinteren.

Undersøkelser av postsmoltens spisevaner inngår i en doktorgradsoppgave ved Havforskningsinstituttet. Det viser seg at ulike organismer dominerer mageinnholdet i ulike områder, men når de er tilgjengelige ser fiskelarver ut til å være den viktigste føden i alle områder. Vest av Skottland og i Nordsjøen var det omtrent kun fiskelarver i laksemagene. Dette antas å bero på at på den tiden postsmoltvandringen skjer gjennom disse områdene er tilgangen på larver av kolmule og sil (tobis) god, da de har gytt i området noe tidligere på året. Når postsmolten kommer inn i Norskehavet treffer den på mesopelagiske fisk samt sildelarver i nord, men her er også innslaget av ulike krepsdyr betydelig, se Figur 5.6.3. Det ser også ut til at dietten varierer mye fra år til år, noe som igjen henger sammen med variasjoner i tilgangen på de ulike bytedyrene. God tilgang på energirike bytedyr vil ha betydning for tilveksten hos laksen, og en god tilvekst vil fremme god overlevelse over vinteren, som trolig er en kritisk tid for laks i havet.


I samarbeid med kollegaer på Færøyene og på Island er det til sammen merket vel 400 ville laks fanget i havet med dybde- og temperaturregistrerende miniatyrloggere (Data Storage Tag, DST) innoperert i fiskebukene. 293 laks ble merket ved Færøyene, 90 i Norskehavet, 7 på Trøndelagskysten og 11 ved Island. Av disse er totalt fem merker blitt gjenfanget, hvorav ett i 2002 og fire i 2004. Høsten 2004 ble det også rapportert gjenfangst av en fisk med et ytre merke fra utsettingen ved Færøyene i oktober/november 2003 i en skotsk elv. Dessverre ble loggeren inne i denne fisken ikke funnet.

Figur 5.6.5 viser hvor merkingene i 2004 og gjenfangstene er blitt gjort. Områdene rundt Færøyene senhøstes og rundt stasjon M (66°N og 2°Ø) i april ser ut til å være henholdsvis vinterbeiteområde og vandringsrute for både umoden laks på vei nordover og modnende laks på vei til sine hjemmelver. Skjellanalyser viste at fangstene ved stasjon M bestod av laks med elvealder fra 1–4 år. Dette antyder at fisk fra flere ulike regioner må ha vært til stede i området. Området må også være en "gjennomfartsåre" for laks på vei til midtnorske elver for å gyte, da fire av fem merkegjenfangster ble gjort i Trøndelag og på Nord-Møre. Den siste fisken vandret til Hallandskysten i Sverige og ble tatt i elven Ätran. Den hadde da tilbakelagt ca. 1400 km på 127 dager. De andre fiskene brukte 18–122 dager på å vandre ca. 500




**Figur 5.6.5**  
Fangst og utsetting av laks merket med dybde- og temperaturregistrerende miniatyrloggere (DST) i oktober 2003 (Færøyene) og i april 2004 (Norskehavet). Gjenfangststed og korteste rute for fire gjenfangeta DST-merkete fisk fra 2004 (grønne piler) og en fra 2002 (blå stipling). Sort stipling viser rapport om gjenfangst av én laks fra utsettingen i 2003 ved Færøyene. Rød triangel viser stasjon M.

*Capture and release site of Data Storage Tagged salmon in 2003 (The Faroe Island) and 2004 (Norwegian Sea), with shortest possible migration routes of recaptured fish indicated. Position of weather station M indicated by red triangle.*




**Figur 5.6.6**  
Dybde- og temperaturdiagram for DST-merke gjenfanget i Ätran, Sverige. Dykkelogg – grønn linje, temperaturlogg – rød linje. Data fra 24.04.–30.08.2004.

*Depth and temperatures registered from a DST tagged salmon released in the Norwegian Sea 24.04 and recaptured 30.08.2004 in the river Ätran, Sweden.*



Figur 5.6.7

Estimert innsig av smålaks (ISW) og større laks (MSW) til Norge i relasjon til året de gikk ut som smolt (ICES 2004). Estimated return of 1-sea winter and multi sea winter salmon to Norway in relation to the year of smolt migration.



Figur 5.6.8

Rapportert total fangst av laks (tonn) i sjø og elvefisket i Norge, 1980 til 2003. Oppdrettslaks er inkludert i tallene (etter Hansen et al. 2004). Reported total catch (black triangles) of salmon in tonnes in the sea (open circles) and in the rivers (filled circles), 1980–2003. Farmed escapees are included (from Hansen 2004).

km. Det ble registrert til dels stor dykkeaktivitet hos laksene, og noen av dykkene gikk helt ned til 280 m, mens de fleste holdt seg rundt 100 m. Vi antar at disse dykkene dels har sammenheng med spiseaktiviteter og predatorunnvikelse og dels er en måte å sense ("snuse") på hydrografiske finstrukturer i vannet som gir indikasjoner på retningen for orienteringen mot hjemfjord og -elv.

Figur 5.6.6 viser dybderegistreringene for den svenske laksen. Man kan se endringer i dykkedybde og -frekvens som sannsynligvis antyder når fisken er kommet inn i en ny type omgivelser enn der den var tidligere. Mot slutten av registreringene, når man kan anta at laksen er kommet inn i de relativt grunne områdene ved svenskekysten, minker dykkeamplituden (dybdeintervallet), for så å opphøre helt. Samtidig stiger temperaturen meget, og man kan anta at når dette inntreffer er fisken kommet opp i elven ettersom det var svært varmt sommeren 2004.

#### Konklusjoner og fremtidsperspektiver

- ▶ De siste 10 års undersøkelser har gitt et vell av ny viten om laksens marine økologi. Men det er ennå mange hull i vår viten, og vi har ikke fullstendige kunnskaper om hvor laksen (særlig den norske) oppholder seg i havområdene eller hvilke veier den vandrer.
- ▶ Der er også huller i vår kunnskap om laksens fødevaner og betydningen av en stabil tilgang på ulike fiskelarver for vekst og overlevelse. Hva en eventuell kollaps i viktige bestander av byttedyr som sil og kolmule kan ha å si for laksebestandene er derfor vanskelig å forutsi.

- ▶ For å kunne lage prognoser for bl.a. lakseinnsiget til kysten til bruk for forvaltningen, vil det være viktig å få mer kunnskap om alle disse forholdene.
- ▶ Trålmetoden er kopiert og brukt med suksess i bl.a. færøyske, irske, kanadiske og amerikanske forsøk.
- ▶ DST-merking av laks har gitt ny viten om laksens vertikale og horisontale vandringsatferd.
- ▶ Mange laksebestander er små, og det vil derfor være hensiktsmessig å utvikle innsamlingsmetodikk som ikke fanger eller skader andre fisk enn de eksemplarer man ønsker å ta prøver av. Slike metoder er under utvikling ved Havforskningsinstituttet.

#### Laksebestander og fangststatistikk i Norge 1960–2003

Direktoratet for naturforvaltning har beregnet at 470 norske elver har hatt eller har selvreproduserende laksebestander. Av disse er bestanden utryddet i 48 og truet i 29 vassdrag. Det er flere trusselfaktorer, spesielt sur nedbør og *Gyrodactylus salaris*.

Resultater fra analyser av innsiget av laks til Norge viste en betydelig tilbakegang i 1980- og 1990-årene både for smålaks og større fisk, men innsiget har økt noe de siste årene (Figur 5.6.7). Fangstinnsetningen har blitt betydelig redusert i denne perioden, og fangstene er også betydelig redusert. Figur 5.6.8 viser fangstutviklingen av laks i Norge siden 1980. I de senere årene er det beregnet at rømt oppdrettslaks har utgjort 12–25 prosent av totalfangsten.

#### Summary

The last 10 years of salmon investigations at the Institute of Marine Research are summarised. After the development and refinement of a new research trawl with possibility of adding extra flotation, the effectiveness for capturing young salmon has greatly augmented. Data from more than 5700 postsmolts and close to 400 adult fish have been collected in an experiment in 1991 and between 1995–2004 when dedicated efforts to sample salmon have been made. The distribution of the postsmolts is not random but linked to the dominating surface currents in the area as can be seen from Figure 5.6.2 a. The postsmolts are mainly captured in areas with water temperature between 8–11° and salinity > 35. Most of the salmon captured in the Norwegian Sea has been found to originate from rivers south of Norway. The young salmon have apparently a preference for fishlarvae if available. Data Storage Tagging (DST) experiments have yielded 5 recaptures. Depth and temperature data from almost 400 days at sea have been acquired. The salmon perform frequent and deep dives at irregular times.

**Laxfiskar ehf**  
 Jóhannes Sturlaugsson  
 Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær  
 Sími: 664 70 80  
 Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Salmon and Trout Research  
**Alþingi**  
 Erindi nr. P 132/1677  
 komudagur 19.4.2006

17. apríl 2006

## **Umsögn til Landbúnaðarnefndar Alþingis um Þskj. 897 — 612. mál. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun.**

Í upphafi þessarar umsagnar er sett fram almennt álit á lagafrumvarpinu. Í þeirri almennu umsögn undirritaðs um frumvarpið er með rökum fjallað um galla þess með það að markmiði að þeir séu sniðnir burtu í meðförum Alþingis. Þar er fyrst fjallað um þau samkeppnishamlandi áhrif sem lagafrumvarpið hefur óbreytt í för með sér fyrir starfsemi einkaaðila sem starfa við rannsóknir og ráðgjöf o.fl. á starfsviði Veiðimálastofnunar. Einnig er í þessu almenna álitu á frumvarpinu vikið að ákveðnum hagsmunaárekstrum sem fólgna eru í störfum Veiðimálastofnunar miðað við lagafrumvarpið óbreytt. Annars vegar sem aðila sem sinnir öllum faglega lögbundnum verkefnum laganna og hinsvegar sem aðila er stendur í samkeppnisrekstri, með tilheyrandi skorti á æskilegu hlutleysi. Almenn álit umsagnarinnar tekur á fleiri þáttum frumvarpsins og í kjölfar þess heldur síðan umsögnin áfram með umfjöllun um einstaka greinar frumvarpsins.

### **Umsögn sem varðar lagafrumvarpið í heild**

Samantekið má segja að smæð þessa frumvarps um starfsemi Veiðimálastofnunar endurspeglar vel innihald þess. Frumvarpið telur aðeins 8. greinar og texti þeirra er aðeins 42 línur sem rúmast með auðveldum hætti á einni hefðbundinni blaðsíðu. Í frumvarpinu er enda einungis að finna útmörkin á starfsviði Veiðimálastofnunar en með öllu vantar að skilgreina með skýrum hætti þau megin verkefni sem Veiðimálastofnun á að sinna, t.d. á ársgrundvelli. Auk þess vantar með öllu að skilgreint sé hvernig þeim upplýsingum sem Veiðimálastofnun aflar er komið til hagsmunaaðila og almennt allt sem varðar það hvernig sé háttáð aðgengi að gögnum stofnunarinnar. Samkeppnishömlur lagafrumvarpsins gagnvart samkeppnisaðilum Veiðimálastofnunar o.fl. gallar frumvarpsins er varða samkeppni Veiðimálastofnunar gera það að verkum að ekki fæst séð annað séð en að gera þurfi gangskör í því að færa efni lagafrumvarpsins til samræmis við lög og reglur sem kveða á um eðlilegt samkeppnisumhverfi. Þessir síðast töldu gallar eru stórmál að mati undirritaðs. Enda varða þeir ekki bara starfsumhverfi þeirra aðila sem leggja stund á rannsóknir, ráðgjöf eða rekstur í umhverfi veiðimála heldur einnig gæði og framboð þeirra rannsókna og þeirrar ráðgjafar sem verður í boði á þessu sviði í náninni framtíð. Athugasemdir þær sem fylgdu frumvarpinu um einstakar greinar þess bættu að mati undirritaðs nánast engu við greinatexta frumvarpsins og voru því ekki til þess fallnar að auka skilning á frumvarpinu svo sem væntingar stóðu til.

Með hliðsjón af framangreindum rökum þá myndi undirritaður ætla að það sé raunhæft hvað varðar meðferð þessa lagafrumvarps hjá Alþingi að fresta lokaumfjöllun þess til næsta löggjafarþings (2006-2007). Þannig gæfist tími til að ganga frá greinum frumvarpsins með þeim hætti sem þörf er á. Í huga undirritaðs er það hvorki boðlegt Veiðimálastofnun og þaðan af síður einkaaðilum í samkeppni á þessu sviði hversu skilgreiningar á eiginlegri starfsemi Veiðimálastofnunar er lausar í reipunum í þessu lagafrumvarpi. Í fyrsta lagi vegna vöntunar á nægilega skilvirkri skilgreiningu á verkum Veiðimálastofnunar í þessu frumvarpi sem á þó að fjalla um starfsemi stofnunarinnar. Í öðru lagi vegna þess að gert er ráð fyrir því að nánari

útfærsla á starfsemi Veiðimálastofnunar og framkvæmd laga um þá starfsemi sé í höndum ráðherra, líkt og kveðið er á um í 7. grein frumvarpsins. Slíkt er ekki við hæfi þegar einu upplýsingarnar sem liggja fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar eru fólgnar í almennum lista í 12. liðum (4. grein) sem segir ekkert annað en það að rannsóknir og ráðgjöf Veiðimálastofnunar spanni allt er varðar ferskvatnsfiska og umhverfi þeirra allt frá jökulsporðum til úthafa N-Atlantshafsins. Auk þess er að finna viðbætur um verk Veiðimálastofnunar í 5. grein frumvarpsins þar sem segir að stofnunin megi standa í ýmis konar fyrirtækjarekstri. Í 7. grein frumvarpsins er skilyrt að ráðherra geti með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar og framkvæmd þessara laga. Slíkt þýðir með öðrum orðum að ráðherra kemur einn að því ásamt Veiðimálastofnun að afmarka hvernig eiginlegri starfsemi Veiðimálastofnunar verður háttáð í grófum dráttum svo sem á ársgrundvelli, sé slíkt á annað borð á dagskrá. Í þriðja lagi er heppilegt að fresta lokaumfjöllun um frumvarpið til næsta löggjafarþings vegna þess að ekki er hægt að sjá það að við gerð frumvarpsins hafi menn lagt sig eftir því að sníða lagafrumvarpið að því samkeppnisumhverfi sem Veiðimálastofnun starfar innan um þessar mundir.

Lagafrumvarpið um Veiðimálastofnun sem hér er til umræðu og samstæð systurfrumvörp þess sem lögð eru fram samhliða (Þskj.:891; 898; 879; 880) til að þau fái samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu, eru til samans arftakar lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 (með síðari tíma breytingum). Einkennilegt má teljast að við gerð þessara lagafrumvarpa hafi ekki verið gengið í það samhliða að færa lög um Fiskræktarsjóð í nýjan búning líkt og allt annað efni lax- og silungsveiðilaganna frá 1970. Í umræðum á Alþingi kom fram að ástæða þess var óeining innan ríkisstjórnarinnar um þann hluta. Ef þetta frumvarp og systurfrumvörp þess verða afgreidd frá þessu þingi þá munu lög um Fiskræktarsjóð halda sínum sessi áfram í umgjörð lax- og silungsveiðilaganna sem þá munu fá nafnið "eldri lög um lax- og silungsveiði". Vegna þessa vakna eðlilegar spurningar um það hvað valdi því að svo mikið liggur á að ganga frá því frumvarpi sem hér er veitt umsögn og systurfrumvörpum þess. Fyrst að ekki hefur verið gengið frá endanlegri mynd lagaákvæða sem mynda umgjörð um starfsemi Fiskræktarsjóðs. Sá hluti er enn eitt dæmið sem vísar til þess að rétt sé að fresta endanlegri þingmeðferð þessa lagaumhverfis í heild til næsta þings.

Lagafrumvarpið um Veiðimálastofnun felur að mati undirritaðs í sér samkeppnishömlur gagnvart einkaaðilum sem leggja stund á rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og ráðgjöf á því sviði. Þessi samkeppnishamlandi mismunur sem að óbreyttu væri innbyggð í frumvarpinu og reyndar tengdum lögboðnum verkum Veiðimálastofnunar í systurfrumvörpum þess, er lýst hér að neðan með vísun í starfsemi Veiðimálastofnunar og röksemdir sem málið varða. Fyrst er fjallað um starfsemi Veiðimálastofnunar með hliðsjón af þeim lögboðnu verkum sem systurfrumvörp um starfsemi Veiðimálastofnunar fela Veiðimálastofnun einum aðila (I). Síðan er fjallað um það hvernig þessi mismunur sem er að finna í lagafrumvarpinu um Veiðimálastofnun og lagatilvísunum í systurfrumvörpum þess og tilheyrandi samkeppnishömlur birtast með hliðsjón af annarri starfsemi Veiðimálastofnunar (II). Í lok umfjöllunar um starfsemi Veiðimálastofnunar með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum á starfssviði stofnunarinnar eru skoðuð dæmi um áberandi galla lagafrumvarpanna eins og þau liggja fyrir nú með tilliti til tilgreindrar starfsemi Veiðimálastofnunar (I.x-x. og II.x-x.). Annarsvegar með hliðsjón af þeim samkeppnishömlum sem sú starfsemi hefur í för með sér fyrir einkaaðila á sama sviði og hinsvegar með vísun í þann vafa sem hlutleysi Veiðimálastofnunar verður undirorpið, einkum með vísun í lögboðin verk stofnunarinnar.

**I.** Í fyrsta lagi er um það að ræða að Veiðimálastofnun fær það hlutverk í umræddu frumvarpi (sjá 9. lið í 4. grein) og systurfrumvörpum þess (sjá tilvísanir í greinum þeirra) sem nú eru til umfjöllunar samhliða hjá Alþingi, að sjá alfarið um öll lögboðin verkefni á sínu starfsviði sem kveðið er á um í systurfrumvörpunum. Þarna er um að ræða vinnu sem Landbúnaðarstofnun (áður Veiðimálastjóri) getur sjálf ekki framkvæmt og þarf því að kalla eftir. Um er að ræða rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og ráðgjöf í þeim efnum svo sem úttektir, umsagnir, álitserðir og leyfi. Hér að neðan eru þessi systurfrumvörp lagafrumvarpsins um Veiðimálastofnun tilgreind:

Þskj. 891 — 607. mál. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Þskj. 898 — 613. mál. Frumvarp til laga um fiskrækt.

Þskj. 879 — 595. mál. Frumvarp til laga um eldi vatnafiska.

Þskj. 880 — 596. mál. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

**Vegna ákvæða frumvarpsins og systurfrumvarpa þess um einkarétt Veiðimálastofnunar á því að veita lögboðnar umsagnir og önnur þess háttar verk. Þá myndi frumvarpið ef það næði fram að ganga leiða til eftirfarandi mismununar Veiðimálastofnunar á kostnað einkaaðila á sama sviði (L.a. - L.g.):**

**L.a.** Einkaaðilar eru útilokaðir frá lögboðnum verkefnum á þessu sviði og þar með skerðast rekstrarmöguleikar (starfsemi) sem nemur þessari vinnu sem er útseld. Slíkt væri þó hægt að skilja ef hlutleysi Veiðimálastofnunar væri fyrir hendi. Því er hinsvegar ekki til að dreifa sökum þess að Veiðimálastofnun er í frumvarpinu einnig ætlað að stunda samkeppni á sama sviði, þess utan. Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

**L.b.** Hlutleysi Veiðimálastofnunar yrði ekki fyrir hendi, því Veiðimálastofnun er samhliða ætlað að stunda rannsóknir og ráðgjöf í samkeppni við aðra. Í slíkri samkeppni er augljós sú staða sem þeir aðilar eru settir í sem eru að kaupa eða fjármagna með öðrum hætti slík verk sem í orði kveðnu er frjáls samkeppni um. Upp til hópa eru þetta aðilar sem þurfa að lúta lögboðnum úttektum, umsögnum o.þ.h af hálfu Veiðimálastofnunar og í því ljósi fýsilegra fyrir þá aðila (veiðifélög, virkjunaraðilar, fiskeldisstöðvar o. s. frv.) í ljósi varúðar gagnvart þeim umsögnum o.þ.h. að skipta við Veiðimálastofnun fremur en samkeppnisaðilana þegar kemur að viðskiptum sem val er um. Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

**L.c.** Veiðimálastofnun hefur alfarið í sínum höndum lögboðnar úttektir, umsagnir, leyfi o.þ.h. sem varða rannsóknir og/eða rekstur samkeppnisaðila sinna. Ýmist er þetta með beinum hætti (lögboðnar umsagnir o.þ.h. varða samkeppnisaðila beint) eða óbeinum hætti (lögboðnar umsagnir varða samstarfsaðila samkeppnisaðilana s.s. veiðifélög, fiskeldisstöðvar o.s.frv.). Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

**L.d.** Veiðimálastofnun hefur alfarið í sínum höndum lögboðnar úttektir, umsagnir, leyfi o.þ.h. sem varða eigin rannsóknir og/eða rekstur. Annarsvegar er þetta með beinum hætti því nánast án undantekninga virðist lagafrumvarpið um Veiðimálastofnun og systurfrumvörp þess sem til samans mynda arftaka lax- og silungveiðilaganna frá 1970, ekki gera ráð fyrir öðru en að Veiðimálastofnun sjái sjálf um lögboðnar umsagnir o.þ.h. sem varða hennar eigin verk. En að öðrum kosti má skilja þetta svo að í þeim tilfellum þurfi ekki slíkar lögboðnar umsagnir, úttektir o.þ.h. Hinsvegar er þetta með óbeinum hætti því að Veiðimálastofnun hefur í sínum höndum slíkt lögboðið mat, álitserðir o.þ.h. varðandi



samstarfsaðila sína sem spanna allt frá sjálfstæðum aðilum (veiðifélög, stangaveiðifélög, fiskeldisstöðvar o.s.frv.) til fyrirtækja sem eru að öllu leyti eða að hluta til í eigu Veiðimálastofnunar (fiskeldisstöðvar, fiskræktarstöðvar, hafbeitarstöðvar o.s.frv., sjá nánar umfjöllun um 5. grein frumvarpsins). Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

- I.e.** Veiðimálastofnun hefur alfarið í sínum höndum lögboðnar úttektir, umsagnir, leyfi o.þ.h. Af þeim sökum safnast upp gagnleg gögn og áunnin þekking frá þeirri lögboðnu vinnu Veiðimálastofnunar sem til samans styrkir samkeppnisstöðu Veiðimálastofnunar gagnvart einkaaðilum. Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg, miðað við frumvarpið í núverandi mynd.
- I.f.** Veiðimálastofnun hefur í systurfrumvörpum þeim sem lögð eru fram með frumvarpi um starfsemi Veiðimálastofnunar skýrt afmarkað lögboðið aðgengi að vissum gögnum í vörslu ríkisins sem einkaaðilar í samkeppni við Veiðimálastofnun hafa ekki aðgengi að. Skýrasta dæmið sem jafnframt varðar mikilvægustu einstöku hagsmunina af þessum toga er fólgið í aðgengi Veiðimálastofnunar að öllum gögnum yfir veiði í ám og vötnum landsins (sjá 13. grein frumvarps til laga um lax- og silungsveiði). Líkt og fram kemur í umræddri 13. grein systurfrumvarpsins þá hvílir sú skylda á öllum þeim sem nýta veiðirétt sinn í veiðivötnum (ám og vötnum) og netlögum sjávarjarða að skila veiðiskýrslum til Landbúnaðarstofnunar á því sniði sem óskað er eftir af hálfu stofnunarinnar. Þessi veiðigögn verða hér eftir sem hingað til færð árlega á tölvutækt snið og hefur Landbúnaðarstofnun (Veiðimálastjóri fram að gildistöku laganna) umsjón með gögnunum og geymslu þeirra. Ef einkaaðilar sem stunda rekstur sem er í samkeppni við Veiðimálastofnun fá ekki sambærilegt aðgengi að gögnunum og Veiðimálastofnun þá verður bundinn í lög ójöfnuður sem stenst ekki nánari skoðun með hliðsjón af eðlilegu jafnræði í rekstrarumhverfi á starfsviði þessara aðila. Samkeppni Veiðimálastofnunar með slíka einokun varðandi frjálst aðgengi grundvallargagna er varða nýtingu og veiðimál getur af þessum sökum ekki talist eðlileg, miðað við frumvarpið í núverandi mynd.
- I.g.** Veiðimálastofnun hefur alfarið í sínum höndum úttektir, umsagnir, leyfi o.þ.h. Þetta gerir það m.a. að verkum að þeir hafa að nokkru í hendi sér þann tíma sem þeir setja í slík lögboðin verk í fyrstu atrennu og þar með þá fjármuni sem að þeir fá fyrir þá útseldu vinnu. Aukinheldur gerir lagaleg staða Veiðimálastofnunar samkvæmt frumvarpinu það að verkum að þeir geta sett fram í þeim umsögnum o.þ.h. verkum þær kröfur að framkvæma þurfi enn frekari rannsóknir, úrvinnslu gagna eða samantektir svo dæmi sé tekið til þess að ásættanleg niðurstaða fáiast. Dæmi um þetta væri að leyfi fyrir tiltekinni framkvæmd sem tæki til lífríkis fersvatns hefði þau skilyrði að framkvæmd yrði úttekt á lífríki svæðisins áður en framkvæmdir hæfust og jafnvel að einnig væri farið fram á að fylgst væri með mögulegum breytingum á lífríkinu í 1 - fleiri ár í kjölfar þess að framkvæmdinni væri lokið. Samantekið þýðir það sem bent hefur verið á í ofafngreindum dæmum að Veiðimálastofnun getur upp að einhverju marki nánast stundað sjálftöku á fé með vísun í lögboðið hlutverk sitt við umsagnir, úttektir o.þ.h.

**II.** Veiðimálastofnun fær til starfsemi sinnar árlega fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna en samt heimilar lagafrumvarpið stofnuninni að standa í samkeppni. Þess utan fær Veiðimálastofnun greiðslur fyrir lögboðin verk sem kallað er eftir, fyrir önnur þjónustuverk og fyrir grunnrannsóknir að hluta eða öllu leyti frá rannsóknasjóðum, kostunaraðilum og verkkaupum.

**Í þessum hluta verður greint frá nokkrum af helstu göllum frumvarpsins sem felast í því óbreyttu með vísun í það hvernig starfsemi Veidimálastofnunar er skilgreind og fjármögnuð af hálfu ríkisins. Sú mismunun sem þetta veldur leiðir til þess að starfsemi Veidimálastofnunar hamlar eðlilegri samkeppni einkaaðila á sama starfsviði. Hér að neðan verður farið yfir þann ójöfnuð sem af þessu hlýst fyrir einkaaðila sem eru í samkeppni við Veidimálastofnun (II.a. - II.c.):**

**II.a.** Helsti ójöfnuðurinn sem fölginn er í rekstri Veidimálastofnunar samkvæmt lagafrumvarpinu að óbreyttu felst í því að nálega öll sú fjárhæð sem ríkið veitir til þess að starfrækja Veidimálastofnun er notuð af stofnuninni í það að greiða niður samkeppni Veidimálastofnunar við aðra aðila sem starfa á sama sviði hvað varðar grunnrannsóknir, þjónusturannsóknir og ráðgjöf. Samkeppni Veidimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur af þessum sökum ekki talist eðlileg, miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

Veidimálastofnun nýtur einnig annarra meðgjafa frá ríkinu sem bæta samkeppnisstöðu stofnunarinnar gagnvart einkaaðilum sem keppa um verkefni við Veidimálastofnun. Í liðunum hér að neðan verða tekin dæmi um hvernig aðrar meðgjafir ríkisins en beinar fjárveitingar koma við sögu og hvernig fjárveitingar og önnur meðgjöf ríkisins til samans hamla því að einkaaðilar geti stundað samkeppni við Veidimálastofnun á jafnréttisgrundvelli. Áður en að þeim liðum kemur, verður hér reynt að skýra í stórum dráttum hvernig það má vera að þetta geti gerst.

Lagafrumvarpið um starfsemi stofnunarinnar felur einungis í sér útmörk þeirrar vinnu sem stofnunin á að starfa að. Hvergi er í frumvarpinu að finna vel skilgreind verk s.s. á ársgrundvelli Ef litið er til starfsemi Hafrannsóknastofnunar til samanburðar þá væru slík verk t.d. árlegar leiðangursferðir stofnunarinnar til mælinga á helstu þáttum í lífríki sjávar, en sambærilegar grunnrannsóknir hjá Veidimálastofnun sem alfarið eru kostaðar af ríkisfjárveitingum finnast ekki í störfum Veidimálastofnunar. Vegna umræddrar vöntunar á vel skilgreindum verkum sem Veidimálastofnun ætti að sinna á ársgrundvelli þá hefur Veidimálastofnun nýtt sér ríkisframlagið eftir sínu höfði hverju sinni og verið í fullum rétti til þess. Leiðin sem mikið hefur verið farin er sú að nýta ríkisfjárveitinguna til að afla enn frekara fjármagns en dæmi um það væri að sækja um styrki til rannsóknasjóða þar sem ríkisframlagið væri síðan m.a. nýtt til að standa skil á því mótframlagi sem slíkir sjóðir fara almennt fram frá rannsóknaraðilanum. Slíkt hefði einhvern tíma ekki þótt í frásögur færandi og vera ágætt dæmi um sjálfsbjargarviðleitni. Þeir tímar sem við lifum á um þessar mundir kalla hinsvegar á aðra afstöðu. Í fyrsta lagi hefur starfandi ríkisstjórn til margra ára fylgt þeirri stefnu að minnka skuli ríkisafskipti eftir því sem færi gefst. Í öðru lagi þá er samkeppnisumhverfið um þessar mundir með þeim hætti að starfsemi Veidimálastofnunar er veitt samkeppni á öllum sviðum starfseminnar. Af þeim sökum er ekki afsakanlegt að að Veidimálastofnun sé að slíga rekstur sinn svo sem dæmin sanna vegna viðleitni sinnar að halda úti sem viðtækastri og umfangsmestri starfsemi á öllum sviðum á sama tíma og einkaaðilar bjóða jafngóða eða betri vinnu á sömu sviðum í samkeppni um það sama fjármagn. Auk þess sem slíkur rekstur Veidimálastofnunar er á sama tíma algerlega úr takti við margyfirlýsta stefnu ríkisvaldisins um samdrátt í ríkisrekstri þar sem því verður komið við.

Hér er við hæfi að vitna til eftirfarandi ályktunar Viðskiptaráðs frá 23. nóvember 2005 í skýrslu ráðsins "*Samkeppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila*". Inngangskafar skýrslunnar eru forvitnilegir með hliðsjón af þeirri baráttu sem aðilar á sviði rannsókna í ferskvatni heyja nú fyrir sjálfsögðum rétti sínum til vinnu í eðlilegu samkeppnisumhverfi. Veidimálastofnun er einn af fimm aðilum sem nefndir eru í skýrslunni sem nærtæk dæmi um ríkisfyrirtæki þ.s. augljóslega þyrfti að breyta rekstrarfyrirkomulaginu:

**"VEIÐIMÁLASTOFNUN**

*Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er gert ráð fyrir Veidimálastjóra sem fer með stjórnslu veiðimála. Lögin gera jafnframt ráð fyrir aðskilinni Veidimálastofnun sem ætlað er í fyrsta lagi að sinna rannsóknum á ám og vötnum með það að markmiði að veita ráðgjöf um veiðinýtingu og þróun í þeim efnum. Þá veita lögin í öðru lagi Veidimálastofnun heimild til þess að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félag og stofnanir gegn endurgjaldi, sbr. 3. tl. 90. gr. Eru það verkefni sem stærri verkfræðistofur og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu auðveldlega sinnt. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna reksturs Veidimálastofnunar upp á 122,5 millj. kr ár hvert. Árið 2004 var gert ráð fyrir sértækjum upp á tæpar 80 milljónir kr. Viðskiptaráð leggur til að 3. tl. 90. gr. framangreindra laga verði numinn úr gildi."*

Ofangreinda skýrslu í heild sinni má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs, sjá eftirfarandi tengil:

<http://www.verslunarrad.is/files/1537044997Samkeppni%20r%C3%ADkisfyrirt%C3%A6kja%20vi%C3%B0%20einkaa%C3%B0ila.pdf>

Ef lagafrumvarpið um starfsemi Veidimálastofnunar yrði óbreytt að lögum án þess að taka tilliti til þeirra breytinga (samkeppni einkaaðila o.fl.) sem orðið hafa í starfsumhverfi veiðimála á þeim 36 árum síðan heildarlög á þessum vettvangi voru síðast í meðförum Alþingis (1970). Þá hniga öll rök að því að einkaaðilar sem starfa við rannsóknir, ráðgjöf og rekstur á þessu sviði hafi skýrari forsendur en nokkru sinni fyrr til að höfða skaðabótarmál á hendur ríkinu vegna þeirra samkeppnishamlandi ákvæða sem eru innbyggð í lagafrumvarpinu um starfsemi Veidimálastofnunar, ef það verður að lögum með þeim göllum sem þessu valda. Hér má bæta því við að verði umrætt lagafrumvarp og systurfrumvörp óbreytt að lögum þá verður umrædd niðurgreidd samkeppni Veidimálastofnunar við einkaaðila á víðari starfsgrundvelli en verið hefur fram til þessa vegna breytinga í lagumhverfinu. Ástæðan er sú að umrætt nýtt lagafrumvarp um starfsemi Veidimálastofnunar víkkar starfssvið Veidimálastofnunar til muna miðað við það sem áður var (sjá nánar í umfjöllun um 4. og 5. grein).

- II.b.** Niðurgreiðslur ríkisins á samkeppni Veidimálastofnunar eru í reynd meiri en sem nemur beinum framlögum ríkisins samkvæmt fjárlögum. Dæmi um það er það fé sem Veidimálastofnun sparar sér með sameiginlegum afnotum af húsnæði og tækjabúnaði. Á landsbyggðinni hefur Veidimálastofnun ýmis sameiginleg afnot af húsnæði, tækjum o.fl. með öðrum ríkisstofnunum sem starfa í sömu byggingum eða á sama stað og viðkomandi útibú Veidimálastofnunar, enda handhæg heimatökin í ráðuneyti landbúnaðar (Hólar:Hólaskóli;Hvanneyri:Búnaðarháskólinn;Selfoss:Búnaðarsamband Suðurlands). Veidimálastofnun hefur í Reykjavík viðhaft slíka samnýtingu á húsnæði með annarri ríkisstofnun sem er Landbúnaðarstofnun (áður embætti Veidimálastjóra) sem fer með yfirstjórn veiðimála með vísun í lög og reglur á því sviði (sameiginleg afgreiðsla, bókasafn, fundarherbergi, kaffistofa o.s. frv.).

Á þessu ári fór starfsemi Veiðimálastjóra undir hatt Landbúnaðarstofnunar og flytur sú yfirstjórn veiðimála síðar á þessu ári í húsnæði Landbúnaðarstofnunar á Selfossi og um sama leyti flytur Veiðimálastofnun í húsnæði rannsóknarstofnunar Landbúnaðarins að Keldnaholti með tilheyrandi samlegðaráhrifum á milli þeirra ríkisstofnanna. Veiðimálastofnun hefur auk húsnæðis deilt starfsmönnum með Veiðimálastjóra og gerir enn (a.m.k. að hluta) eftir að það embætti færðist undir Landbúnaðarstofnun. Dæmi þar um er að gjaldkeri Veiðimálastofnunar hefur samtímis verið gjaldkeri Veiðimálastjóra. Bókun gjalda og tekna Veiðimálastofnunar og Veiðimálastjóra hefur þessu til viðbótar verið í höndum sameiginlegs bóka. Ennfremur er símavarsla í höndum starfsmanns sem sinnir báðum þessum aðilum. Auk þess hefur Veiðimálastofnun haft ákveðið hlutfall af starfi annars tveggja fastráðinna starfsmanna Veiðimálastjóra til umræða samkvæmt þessum skiptasamningum ríkisstofnanna tveggja. Þessu til viðbótar hafa ýmis tæki t.d. ljósritunarbúnaður, prentarar o.þ.h. verið rekin sameiginlega af Veiðimálastofnun og Veiðimálastjóra. Ennfremur hefur Veiðimálastjóri án útboðs árlega afhent Veiðimálastofnun þá vinnu sem að felst í því að slá inn allar veiðiskýrslur landsins fyrir fasta greiðslu. Í staðinn hefur Veiðimálastofnun haft óheftan aðgang að þessum gagnagrunni og reyndar umgengist hann í alla staði sem hennar eigin væri. Sem dæmi um það þá getur undirritaður vitnað um það eftir að hafa starfað 17 ár á Veiðimálastofnun að hin ýmsu verkefni sem unnið var að innan stofnunarinnar sem þurftu að nýta gögn gagnagrunnsins sem inniheldur veiðiskýrslurnar, þurftu ekki að greiða umsýslugjald skv. útseldri vinnu til Veiðimálastofnunar fyrir þá vinnu sem að fólgin var í því að sækja gögnin í gagnagrunnin. Til samanburðar má benda á það að í kjölfar þess að undirritaður hóf rekstur Laxfiska ehf sem er rannsóknar- og ráðgjafarfyrtæki í einkaeign þurfti undirritaður á gögnum úr viðkomandi gagnagrunni að halda. Við afgreiðslu þeirra gagna brá þá svo við að Veiðimálastofnun fór fram á umsýslugjald fyrir að ná í umrædd gögn (óunnin) úr gagnagrunninum. Slíkt vekur upp spurningar hversu eðlilegt slíkt misræmi sé og ennfremur hversu eðlilegt sé að Veiðimálastofnun hafi í áranna rás getað gert sér veiðigagnagrunnin að féþúfu með slíkum hætti, þegar sá sami veiðigagnagrunnur átti þá líkt og nú samkvæmt lögum alfarið að vera í höndum Veiðimálastjóra (nú Landbúnaðarstofnunar).

Hér verður ekki komist hjá því að nefna enn eitt aukastarfið sem gjaldkeri Veiðimálastofnunar hefur með höndum í hagræðingarskyni. Þar er um að ræða að hann sinnir gjaldkerastarfi fyrir Fiskræktarsjóð samhliða störfum fyrir Veiðimálastofnun. Vist þykir að hvergi annarstaðar á Vesturlöndum finnist starfsmaður sem sinnir gjalkerastarfi fyrir þrjár ríkisstofnanir í senn með tilheyrandi hagræðingu. Enn ólíklegra er að sá gjaldkeri finnist ef leitað væri að ríkisstofnunum sem lögum samkvæmt eiga að teljast óháðar hver annarri hvað ákvarðanatökur varðar. Fleira veldur því að það er mikið lán fyrir Veiðimálastofnun að gjaldkeri stofnunarinnar sinni gjaldkerastörfum fyrir Fiskræktarsjóð. Þetta kemur til af því að tekjur Fiskræktarsjóðs ráðast árlega af skírur tekjum veiðifélaga landsins auk þeirra fjármuna sem koma frá ríkinu til sjóðsins. Af því leiðir að Veiðimálastofnun fær í hendurnar árlega gögn yfir það hvernig rekstur allra Veiðifélaga landsins hefur gengið árinu á undan. Af þessu hlýst væntanlega viðbótar hagræði enda getur komið sér að vita hvernig fjárhagsstaða Veiðifélaga er, því flestir sem kaupa rannsóknir og þjónustu á þessu sviði koma úr þeirra röðum.

Dæmið um gjaldkera Veiðimálastofnunar sem sinnir fjárreiðum þriggja stofnanna Landbúnaðarráðuneytisins kristallar betur en margt annað þau hagsmunatengsl sem óeðlileg eru í stjórnsýslu Veiðimálastofnunar og til að bæta gráu ofan á svart hefur stjórnarmaður Veiðimálastofnunar um langa hríð einnig

verið stjórnarmaður í Fiskræktarsjóði (Veiðimálanefnd). Sá stjórnarmaður tekur þar jöfnum höndum ákvarðanir um styrkveitingar til Veiðimálastofnunar og samkeppnisaðila hennar. Aukinheldur fær hann í hendur til umsagnar allar rannsóknáætlanir og framvinduskýrslur frá samkeppnisaðilum Veiðimálastofnunar. Með hliðsjón af því hve tengsl Veiðimálastofnunar eru óeðlilega mikil við ýmsar ríkisstofnanir sem eiga að nafninu til eiga að heita hlutlausar, s.s. Fiskræktarsjóður er dæmi um. Þá er við hæfi að benda á úrskurð Úrskurðarnefndar um upplýsingamál þ.s. fjallað var um aðgang Jóhannesar Sturlaugssonar að gögnum hjá Fiskræktarsjóði og Veiðimálastofnun sem vörðuðu rannsóknaverkefni sem hann skipulagði og var verkefnisstjóri að þegar starf hans var lagt niður hjá Veiðimálastofnun.

A-170/2004 Úrskurður frá 26. mars 2004, sjá með því að fara á eftirfarandi tengil:  
<http://ursk.forsaetisraduneyti.is/urskurdir/nr/1550>

Framangreind dæmi vitna öll um hagsmunaárekstra sem þarf að fyrirbyggja með ákvæðum í frumvarpi þessu svo að sambærilegir hlutir haldi ekki áfram að reka á fjörunnar í þessu starfsumhverfi.

Sömu vandkvæði varðandi hagsmunaárekstra var einnig að finna í fyrri dæmum sem nefnd voru til sögunnar fyrr í þessum umfjöllunarlið (II.b.). Í ljósi þeirra skýru dæma sem hér hafa verið nefnd þá þarf ekki sérfræðinga í stjórnsýslulögum til þess að átta sig á því að slík hagsmunatengsl ríkisaðila sem eiga að teljast óháðir hver öðrum um ákvarðanatökur eru ekki réttlætunleg. Undirritaður hefur dregið þá ályktun að starfsemi einkarekinna rannsóknar- og ráðgjafafyrirtækja á þessu sviði hafi beðið tjón af völdum nefndra óeðlilegra stjórnsýslutengsla og rekstrartengsla á milli Veiðimálastofnunar, Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastjóra. Hér eru þessar upplýsingar dregnar fram til að tryggja að Alþingi komi í veg fyrir að svo óeðlileg stjórnssýslu- og rekstrartengsl eigi möguleika að þrífast í starfsemi þeirri sem lagafrumvarpið og systurfrumvörpin taka til. Því er talið rétt að taka sérstaklega á þeim málum í 3. og 5. grein (sjá nánar sérstaka umfjöllun um þær greinar).

Samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sem starfa á sama sviði getur með hliðsjón af ofangreindum rökum ekki talist eðlileg miðað við frumvarpið í núverandi mynd.

- II.c.** Hér verða nefnd dæmi um hvernig fjárveitingar ríkisins til Veiðimálastofnunar skapa Veiðimálastofnun samkeppnisfæri umfram einkaaðila á sama sviði sem njóta ekki slíkra fjárveitinga beint frá ríkinu. Samkeppni Veiðimálastofnunar er því niðurgreidd af ríkissjóði.

Grunnrannsóknir Veiðimálastofnunar eru flestar fjármagnaðar að hluta til af rannsóknasjóðum. Styrkumsóknir Veiðimálastofnunar í rannsóknasjóði felur þannig í sér samkeppni um rannsóknafé sem veitt er til málaflokksins hverju sinni. Auk þess getur samkeppnin verið með enn frekari hætti s.s. þegar Veiðimálastofnun og einkaaðilar sækja um styrki til samskonar verkefna á sama tíma. Vegna þess að engin skilgreining er á því lögunum hvernig starfsemi Veiðimálastofnunar á að vera útfærð ef frá er talið það að yfir stofnuninni er forstjóri sem skipar starfsmenn og hefur sér til ráðuneytis ráðgjafanefnd (2., 3. og 5. grein). Þá getur Veiðimálastofnun breytt áherslum sínum í rannsóknum á milli tímabila að vild. Þetta skapar sérlega mikinn sveigjanleika sem auðveldar Veiðimálastofnun til muna að sækja fjármuni í rannsóknasjóði til grunnrannsókna í samkeppni við einkaaðila. Í tilfellum flestra rannsóknasjóða (t.d. Fiskræktarsjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Rannsóknasjóður og

Tækjasjóður) þá gildir að þeir sem sækja um styrki rannsóknunum til handa þurfa að leggja með sér að lágmarki 50% þess kostnaðar sem í verkefnum er fólgin. Hvernig sem á það er litið þá er það til mikils hagræðis fyrir Veiðimálastofnun við skipulag og framkvæmd rannsókna að geta seilst árlega í tugum milljóna króna af ríkisframlaginu til auka umfang og/eða gæði rannsókna sinna og þar með aukið möguleika þeirra að ná í gegnum siur rannsóknasjóðanna og kjölfarið nýtist það samhliða til að standa í skilum á skilyrtum mótframlögum grunnrannsókna, gangi styrkveitingar eftir væntingum. Þessi aðstöðumunur skilur Veiðimálastofnun frá einkaðilunum sem frumvarpið að óbreyttu gerir ráð fyrir að eðlilegt sé að Veiðimálastofnun keppi við um fjármuni til rannsókna. Reyndar er það svo í þessu lagafrumvarpi að þegar talað er um samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila sbr. 6. grein, þá er talað um útseldar rannsóknir, ráðgjöf og þjónustu. Tímabært er að menn leggi af þessa glámskyggni enda verið ljóst að helsta samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila hefur síðustu ár legið í grunnrannsóknum. Af þessu leiðir að skipta þyrfti út yfirskrift 6. grein frumvarpsins sem og texta greinarinnar að mestu. Enda þarf þar að fjalla almennt um það hvernig eðlilegt sé að færa bókhaldslega þann rekstur Veiðimálastofnunar sem er í samkeppni við einkaaðila, hvort sem það eru grunnrannsóknir, þjónusturannsóknir, ráðgjöf eða önnur þjónusta (sjá nánar umfjöllun um 6. grein).

Áður en sagt verður skilið við umfjöllun um grunnrannsóknir Veiðimálastofnunar þá er rétt að geta þeirra grunnrannsókna sem ekki eru fjármagnaðar að hluta til af rannsóknasjóðum eða öðrum mögulegum styrktar- eða kostunaraðilum. Þar er til að dreifa grunnrannsóknum sem kostaðar eru alfarið af verkkaupum. Sum slík verk s.s. fyrir orkufyrirtæki eru á meðal stærri rannsóknaverka af þessari gerð en mörg smærri grunnrannsóknaverk ekki síst þau sem haldið er úti árum eða áratugum saman hafa einnig töluvert upplýsingavægi. Slíkar grunnrannsóknir eru rekstrarlega flokkaðar sem þjónusturannsóknir ásamt öðrum þjónusturannsóknum sem ekki fela beinar grunnrannsóknir í sér. Í reynd er það svo að annað tveggja öll eða nánast öll grunnrannsóknaverkefni Veiðimálastofnunar eru kostuð ýmist að öllu leyti (verkkaupar) eða að einhverju leyti af aðilum sem standa utan Veiðimálastofnunar (rannsóknasjóðir, styrktar- eða kostunaraðilar). Þetta er sagt hér til að undirstrika það að í reynd er Veiðimálastofnun í samkeppni varðandi annað tveggja öll eða nálega öll sín grunnrannsóknaverk.

Ríkisframlag Veiðimálastofnunar líkt og annarra ríkisstofnanna fer að hluta til í það að kosta ferðir á fagfundi og ráðstefnur. Hvaða nafni þær ferðir nefnast þá er ljóst að þær auka samkeppnishæfni Veiðimálastofnunar (verkefni kynnt, tengsla og verkefna aflað o.s.frv.) og því jafngildir greiðsla slíks ferðakostnaðar því að verið sé að greiða niður samkeppni Veiðimálastofnunar við einkaaðila

Ríkisframlag Veiðimálastofnunar fer að hluta til í það að starfrækja útibú frá stofnuninni á landsbyggðinni. Með því að nýta hluta ríkisfjárveitingarinnar til þess þá er mögulegt fyrir Veiðimálastofnun að hafa starfsmenn nær vettvangi m.t.t. ýmissa staðbundinna verkefnakosta í grunnrannsóknum og þjónustu. Því er hér enn eitt dæmið um það að ríkisframlagið er að bæta samkeppnistöðu Veiðimálastofnunar og þar með í reynd að greiða niður þá vinnu sem stofnunin sinnir á umræddum svæðum í samkeppni við einkaaðila. Fleira í þessum dúr ber að sama brunni t.d. aukið samstarf við menntastofnanir landbúnaðarins, sem hafa mun ákveðin samlegðaráhrif í för með sér er bætir samkeppnistöðu Veiðimálastofnunar.

Í 5. grein er þess getið að Veiðimálastofnun geti í félagi við aðra rekið rannsókn- og þróunarfyrirtæki sem myndu hagnýta rannsókn- og þróunarverkefni sem unnið er að hverju sinni. Eðlilegt er að benda á það að mögulega geta skapast þær aðstæður að ríkisframlagið verði nýtt sem frekast er kostur, ýmist eitt sér eða sem mótframlag gagnvart rannsóknafé úr sjóðum til að halda úti nægilega viðamiklum rannsóknar- og þróunarverkefnum sem heppilegust teldust til að viðhalda sem bestum rekstri þess fyrirtækis, án þess endilega að þær áherslur færu saman með þeim rannsóknarmarkmiðum sem ætla mætti að væru efst á forgangslista miðað við grundvallarmarkmið Veiðimálastofnunar. Slíkur mögulegur hagsmunaárekstur varðandi forgangsútgætur á vissum rannsóknar- og þróunarverkefnum á kostnað annarra nærtækari bara til að halda úti fyrirtækjarekstri myndi vinna gegn grundvallarmarkmiðum með starfsemi Veiðimálastofnunar en um leið myndi samkeppnisstaða umrædds rannsókn- og þróunarfyrirtækis hafa verið bætt fyrir tilstilli ríkisfjárveitingar Veiðimálastofnunar á kostnað einkaaðila á sama sviði.

Í ljósi þeirra atriða sem nefnd hafa verið í þessum umfjöllunarlið þá getur vart talist eðlilegt miðað við frumvarpið að óbreyttu að Veiðimálastofnun geti með þessum hætti nýtt sér ríkisfjárveitingu sína til þess að skapa sér sóknarfæri umfram einkaaðila í samkeppni, en nefnd samkeppni um styrkfé úr rannsóknasjóðum til grunnrannsókna er afgerandi dæmi um þetta.

Samantekið þá er það mat undirritaðs með hliðsjón af því sem fjallað hefur verið um hér að framan og tilheyrandi rökstuðningi (I og II) að ekki er boðlegt að lagfrumvarpið um starfsemi Veiðimálastofnunar og þau ákvæði systurfrumvarpa þess frumvarps sem varða starfsemi Veiðimálastofnunar geri stofnuninni kleift að selja rannsóknar- og ráðgjafarþjónustu og keppa um fjármagn til grunnrannsókna. Slík samkeppni af hálfu Veiðimálastofnunar gagnvart einkaaðilum á þessu sviði á því ekki að koma til greina og því þarf einfaldlega ekki að skipta rekstri stofnunarinnar rekstrarlega í tvennt. Að öðrum kosti væri eðlileg krafa að ríkið veitti öðrum rannsóknaraðilum á þessu sviði með fjárlögum árlega sambærilega fjárstyrki til að greiða niður rannsóknar- og ráðgjafarþjónustu og grunnrannsóknir. Ennfremur þyrfti ríkisvaldið til að gæta fulls jafnræðis í slíkri samkeppni að tryggja sambærilega aðkomu einkaaðila á við Veiðimálastofnun að verkefnum sem eru bundin í lög, svo sem lögbundnar umsagnir o.þ.h. eru dæmi um.

Hér að framan hefur undirritaður sett fram almenn sjónarmið sín fyrir hönd eigin rannsóknarfyrirtækis (Laxfiska ehf) varðandi helstu brotalamir lagafrumvarpsins svo hægt verði að bregðast við þeim ágöllum í meðförum Landbúnaðarnefndar og síðari meðförum Alþingis. Hér að neðan eru frekari athugasemdir settar fram fyrir hverja grein frumvarpsins. Almenn er það mat undirritaðs að ef lagafrumvarp um Veiðimálastofnun sem nú er til umfjöllunar hjá Landbúnaðarnefndar Alþingis nær fram að ganga óbreytt hvað varðar þá meginþætti sem hér hafa verið til umfjöllunar með hliðsjón af þeim áberandi samkeppnishömlum sem í þeim felast. Þá verður til lagalegur ójafnuður gagnvart einkaaðilum sem á ekki sinn líkan í öðrum ríkisrekstri héraendis.

### Umsögn með vísun í greinar lagafrumvarpsins

Hér að ofan hafa verið tilgreindar mikilvægar athugasemdir sem varða lagafrumvarpið í heild. Hér að neðan verða frekari athugasemdir settar fram fyrir hverja grein frumvarpsins. Uppsetningin er með þeim hætti að tiltekinn er texti hverrar greinar lagafrumvarpsins eins og hann var þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi og í kjölfar hverrar greinar er síðan komið með athugasemdir sem varða hana sérstaklega. Slíkum athugasemdum við innihald greina lagafrumvarpsins eða það sem talið er vanta í þær greinar fylgir oft rökstuðningur m.a. með vísun í úrskurði og skýrslur opinberra aðila, sem og þekktar ambögur frá starfsemi Veiðimálastofnunar á næstliðnum misserum í varnaðarskyni. Sá rökstuðningur sem tíndur er til á stundum við fleiri en eina grein lagafrumvarpsins. Í slíkum tilfellum er tiltekinn rökstuðningurinn settur fram við fyrstu grein frumvarpsins þar sem hann er nýttur en í kjölfarið vitnað til framsetningar þess rökstuðnings í hverri þeirri grein þar sem þörf er á að vitna til hans að nýju við umsagnir. Stundum er rökstuðningur við tiltekna greinar frumvarpsins að hluta eða öllu leyti þegar komin fram í almenna álitni umsagnarinnar um frumvarpið í heild og er þá vitnað til þeirrar umfjöllunar.

Athugasemdirnar við tiltekna greinar frumvarpsins eru almennar, en einnig eru stundum því til viðbótar settar fram tillögur að breytingum á texta greinanna í umbótaskyni. Þá er sá texti hafður í rauðum lit og skáletraður. Rétt er að ítreka að þó svo að settar séu fram almennar aðfinnslur við efni tiltekinna greina lagafrumvarpsins til að hvetja til lagfæringa á þeim, þá fylgja ekki alltaf nákvæmar tillögur að bættum greinatexta.

#### 1. gr.

##### *Stjórnsýsluleg staða.*

Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Veiðimálastofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.

Eðlilegra er með vísun í yfirstjórn Landbúnaðarráðherra og með vísun í lögbundna viðskiptahætti, þ.m.t. ákvæði samkeppnislaga að orða 1. grein á eftirfarandi hátt:

Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra í ferskvatni sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Veiðimálastofnun skal sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum án þess að hafa samkeppnislega hamlandi áhrif á starfsemi einkaðila á sama sviði.

Veiðimálastofnun skal leitast við að starfa í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)



## 2. gr.

**Forstjóri.**

Ráðherra skipar forstjóra Veiðimálastofnunar til fimm ára í senn.  
 Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á fræðasviði stofnunarinnar.  
 Forstjóri hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess.

Miðað við rekstur Veiðimálastofnunar síðast liðin ár undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra hefur verið viðvarandi og vaxandi hallarekstur hjá Veiðimálastofnun<sup>1)</sup> og opinberlega staðfest tilvik um ólögmætar samkeppnishömlur<sup>2)</sup>, ólögmæta stjórnsýsluhætti<sup>3)</sup> og aðfinnsluverða stjórnsýsluhætti<sup>4)</sup>. Þá er eðlilegt þegar stofnuninni er mörkuð stefna til framtíðar að taka mið af framgangsmáta í rekstri Veiðimálastofnunar undanfarin ár og um leið sjá til þess að skýrar reglur séu settar um ábyrgð forstjórans á stjórnun Veiðimálastofnunar sem komi í veg fyrir áframhaldandi ábyrgðarleysi sem vitnað er til í dæmunum hér að ofan. Slíkur rekstur ríkisfyrirtækis er ekkert einkamál viðkomandi stofnunar ekki síst þegar hún hefur óheft leyfi til samkeppni við einkaaðila s.s. lagafrumvarp um starfsemi Veiðimálastofnunar mun að óbreyttu hafa í för með sér. Þau tilvik sem vitnað er til hér að ofan sem varða rekstur Veiðimálastofnunar (1-4) og fjallað hefur verið um af opinberum aðilum eru eftirfarandi:

- 1) Alþingi hefur fjallað viðvarandi og vaxandi hallarekstur Veiðimálastofnunar. Upplýsingar um hallarekstur Veiðimálastofnunar voru fengnar annarsvegar af vefsvæði Fjármálaráðuneytisins (<http://hamar.stjr.is/>) og hinsvegar af vef Alþingis. Með hliðsjón af árlegum og vaxandi halla Veiðimálastofnunar sem var 30,5 % sem hlutfall af ríkisframlagi 2005 og er áætlaður enn meiri fyrir 2006 (sjá nánari umfjöllun og tilvísanir í gögn í umsögn um 6. grein frumvarpsins).
- 2) Í öðru lagi hafa samkeppnislög verið brotin af hálfu Veiðimálastofnunar. Fyrirliggjandi dæmi þar sem úrskurðað var með ákvörðun af hálfu Samkeppnisráðs en ekki bara umsögn árið 2000 sýndi þetta glögglega: *Samkeppnishömlur Veiðimálastofnunar gagnvart sjálfstætt starfandi fiskifræðingi. Ákvörðun nr. 27/2000. 147 fundur. 2. október 2000*, sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins: <http://dev.ecweb.is/samkeppni/upload/files/samkeppnisrad/akvardanir/2000/akv2700.pdf>
- 3) Í þriðja lagi eru til viðbótar ofangreindu enn önnur opinberlega staðfest dæmi þess að starfshættir framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar hafa ekki verið samkvæmt lögum sem gilda um stjórnsýslulög og starfshætti, sem hlýtur að teljast bagalegt þegar um er að ræða framkvæmdastjóra ríkisstofnunar. Staðfest dæmi um þetta er að finna í úrskurð Laganefndar BHM frá nóvember 2004: *Mál nr. LN 03-02* sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu BHM: <http://www2.bhm.is/main/view.jsp?branch=485520> þar sem m.a eftirfarandi upplýsingar úrskurðarins er að finna: *"Laganefnd telur sig ekki geta kveðið upp úr um það hvort um einelti var að ræða. Nefndin telur þó ljóst að framkvæmdastjórinn hafi í samskiptum sínum við J hvorki farið að stjórnsýslulögum né gætt góðra stjórnsýsluhátta"* Ennfremur segir eftirfarandi: *"Nefndin álitur hins vegar að það bendi til þess að niðurlagning stöðu J hafi ekki byggst á málefnalegum forsendum. Ennfremur verður VMST að gæta þess við framkvæmd umræddra rannsókna að fara að samkeppnislögum"*.
- 4) Álit Umboðsmanns Alþingis vegna starfshátta framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar við niðurlagningu starfs. Mál: *Opinberir starfsmenn. Lausn frá störfum vegna sparnaðar. Rannsóknarreglan. Leiðbeiningar um rétt til rökstuðnings. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Vandaðir stjórnsýsluhættir.* (Mál nr. 4018/2004). sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu Umboðsmanns: <http://www.umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=1113&Skoda=Mal>

Einu sýnilegu viðbrögðin við viðvarandi og vaxandi hallarekstri Veiðimálastofnunar af hálfu ríkisins eru þau að aukið hefur við árlegar fjárveitingar úr Ríkissjóði til Veiðimálastofnunar sérstaklega til að mæta hallarekstri stofnunarinnar. Ennfremur er á sama tíma tíma unnið lagafrumvarp um starfsemi Veiðimálastofnunar sem kveður á um að útvíkka starfsvið stofnunarinnar (sjá almennu umsögnina og umsagnarumfjöllun um greinar 4, 5 og 7). Reyndar er það svo að starfsvið Veiðimálastofnunar hefur engin sjáanleg endimörk þegar skoðuð er 5. grein lagafrumvarpsins (sjá umfjöllun um grein 5). Hvergi sér þess stað í umræðum um hallarekstur Veiðimálastofnunar að fylgt hafi verið eftir meginreglum fjárreiðulaga nr. 88/1997 með vísun í ábyrgð og skyldur stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í ljósi þess er eðlilegt að ítreka nauðsyn þess að ganga frá skilvirkri ábyrgð forstjóra Veiðimálastofnunar í 2. grein frumvarpsins hvað varðar rekstur stofnunarinnar.

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)

### 3. gr.

#### **Ráðgjafarnefnd.**

Forstjóri hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt sameigninlegri tilnefningu menntastofnana landbúnaðarins. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd.

Formaður ráðgjafarnefndar kveður nefndina saman til fundar þegar þurfa þykir.

Hér þarf að skilgreina hvert sé ráðgjafarhlutverk nefndarinnar. Ætla verður að um faglega ráðgjöf sé að ræða, þ.m.t. það að koma á framfæri almennum viðhorfum viðkomandi hagsmunaaðila til Veiðimálastofnunar hverju sinni. Hnykkja þarf á því að hér sé einungis um faglegt ráðgjafarhlutverk að ræða. Því ekki fer saman að þeir oddvitar hagsmunaaðila sem sitja í nefndinni séu að taka afstöðu til rekstrarþátta í starfsemi Veiðimálastofnunar, enda getur slikt farið að þvælast fyrir ef þeir aðilar eiga að geta stundað samhliða eðlileg samskipti við einkaaðila í rannsóknum og ráðgjöf á þessu sviði. Vegna mögulegra hagsmunaárekstra með vísun í skýr fyrirliggjandi dæmi þess efnis (sjá II.b. hér að framan), þá er nauðsynlegt að koma í veg fyrir það að sömu nefndarmenn og sitja í ráðgjafarnefnd Veiðimálastofnunar geti samhliða einnig setið í stjórn Fiskræktarsjóðs.

Með hliðsjón af oafngreindum athugasemdum væri eðlilegt að bæta við efni 3. greinar skilgreiningum sem að inntaki væru í eftirfarandi dúr:

*Ráðgjafarnefnd Veiðimálastofnunar fundar og ályktar um fagleg málefni en ekki fjárhagsleg. Ráðgjöf nefndarinnar til handa Veiðimálastofnun skal birta opinberlega. Nefndarmenn ráðgjafarnefndarinnar skulu á meðan þeir gegna störfum fyrir nefndina ekki gegna störfum fyrir Fiskræktarsjóð og koma þannig í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra.*

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)

## 4. gr.

**Hlutverk Veiðimálastofnunar.**

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

1. að afla með grunnrannsóknnum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þeirra og miðla upplýsingum þar um,
2. að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa,
3. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatna,
4. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum,
5. að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna,
6. að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð,
7. að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera,
8. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns,
9. að veita lögboðnar umsagnir,
10. að annast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi,
11. að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns,
12. að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.

Ójafnræði Veiðimálastofnunar gagnvart einkaaðilum á sama starfssviði með vísun í fjárveitingar ríkisins til Veiðimálastofnunar og einokun Veiðimálastofnunar á lögboðnum verkum er óásættanlegt starfsumhverfi frá sjónarhóli eðlilegra samkeppnishátta nú á tímum. Þau mál hafa verið rædd ítarlega í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan og eru enn frekar rædd í umfjöllun sem tekur til 6. greinar hér að aftan.

Að því gefnu að Veiðimálastofnun haldi áfram að fá fjárveitingar úr ríkissjóði til rekstursins þá væri eðlilegt að skilyrða það að Veiðimálastofnun ætti að rækja hlutverk sitt án þess að keppa við önnur rannsókn- og ráðgjafafyrirtæki um fjármuni til rannsókna og ráðgjafarvinnu.

Leita þarf leiða til að finna ásættanlegt jafnræði í starfsumhverfi Veiðimálastofnunar og samkeppnisaðila á starfssviði stofnunarinnar. Ef slíkt myndi blessast þá breytir skipan hlutverka í starfsemi Veiðimálastofnunar litlu um starfsumhverfi einkaaðila. En skapist ekki slíkt jafnræði þá geta skilgreind hlutverk Veiðimálastofnunar vegið töluvert þungt í starfsumhverfi samkeppnisaðila Veiðimálastofnunar.

Í 4. grein frumvarpsins er hlutverk Veiðimálastofnunar útlistað í 12 liðum, sem til samans fela í sér að Veiðimálastofnun á að sinna öllu því sem varðar ferskvatnsfiska og umhverfi þeirra, allt frá jökulsporðum til úthafa N-Atlantshafsins. Vöntun er hinsvegar á skilgreiningum um það hvernig sinna eigi rannsóknar- og ráðgjafarverkum Veiðimálastofnunar á hverju sviði. Eru þar til að mynda einhver föst verkefni milli ára og hvernig skiptist starfsemin niður á ársgrundvelli með hliðsjón af rannsókn- og ráðgjafasviðum. Ennfremur vantar upplýsingar um það hvaða afurðum vinnan á skila og hvernig hagsmunaaðilar geta nálgast þær.

Í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan er ítrekað komið inn á það hve slæmt það er fyrir alla málsaðila, bæði Veiðimálastofnun og þá aðila sem keppa við stofnunina um störf á þessum vettvangi að eiginlegt verklag Veiðimálastofnunar varðandi rannsóknar- og ráðgjafarvinnu er hvergi skilgreint. Þetta endurspeglast í því að allir liðir 4. greinar eru galopnir utan 9. liður sem felur í sér skilgreindar lögboðnar umsagnir sem er að finna í systurfrumvörpunum (Þskj.:891; 898; 879; 880) sem Alþingi hefur samhliða til meðferðar. Þó svo að í þeim frumvörpum sé að finna

tilvísanir sem kveða á um lögboðnar umsagnir þá er í þeim ekki frekar en í þessu frumvarpi að finna nauðsynlegar verklagsreglur. Slíkt verklag þyrfti að kveða á um í þeim frumvörpum til að tryggja ákveðna stöðlun og gæði þannig að þau gögn séu samanburðarhæf. Þar er hinsvegar vísað í það að verklagsreglur o.þ.h. verði ákveðið í reglugerðum sem Landbúnaðarstofnun setji. Í lögboðnum úttektum, umsögnum o.þ.h. er oft á ferðinni mikil hagsmunamál og því óviðunandi að stofn slíkra verklagsregla og viðmiðana liggi ekki fyrir í lögnum sjálfum. Þau mál eru því endaslepp á svipaðan máta og skilgreining á störfum Veiðimálastofnunar í þessu frumvarpi og sett er undir lekann á svipaðan hátt og hér, því vitnað er til þess að ráðherra geti mælt nánar fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar með reglugerð (7. grein).

Varðandi 4. grein þá þarf að setja varnagla um það að starfsemi Veiðimálastofnunar taki mið af því að lágmarka skörun í rannsóknar- og ráðgjafarverkum sem eru í samkeppni. Þetta gildir með hliðsjón af einkaðilum. En einnig með hliðsjón af mögulegri samkeppni gagnvart öðrum ríkisaðilum og er 7. liður 4. greinar (rannsóknir á eldi vatnalífvera) gott dæmi um það. Það tilvik sýnir að eðlilegt er að samhliða lögum sem þessum sé kveðið upp úr um það hvernig ríkisstofnanir á borð við Hólaskóla og Veiðimálastofnun skipti með sér verkum á þessu sviði. Fyrir nokkru hafði Stofnfiskur tekið yfir megnið af tilraunum á eldislaxi auk þess sem fyrirtækið stundar eldistilraunir með aðra fiska. Hólaskóli hefur um langt skeið unnið að rannsóknum á silungi en Veiðimálastofnun sem legið hefur að mestu í dvala hvað slíkar tilraunir varðar í mörg ár er samkvæmt lagafrumvarpinu farin að hugsa sér aftur til hreyfings.

Kannski er mögulegt á meðan Veiðimálastofnun fær einn rannsóknaraðila að þiggja fjárveitingar og lögboðin verk frá ríkinu að bæta við 4. grein skilgreiningu sem að inntaki væri í eftirfarandi dúr:

*Veiðimálastofnun skal í verkefnavali sínu leitast við að koma í veg fyrir samkeppni við einkaðila á starfsviði sínu.*

#### 5. gr.

#### **Stjórnskipulag Veiðimálastofnunar.**

Forstjóri ákveður skipurit Veiðimálastofnunar.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni.

~~Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.~~

~~—Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.~~

Starfssvið Veiðimálastofnunar eins og það er skilgreint í 4. grein með þeirri viðbót sem felst í leyfi til reksturs fyrirtækja í 5. grein. Gerir það að verkum að rekstur Veiðimálastofnunar hefur einungis þau endimörk sem stofnunin kys sér sjálf. Þannig getur Veiðimálastofnun alfarið rekið viðbótarfyrirtæki svo sem fiskeldisstöðvar, fiskræktarstöðvar og hafbeitarstöðvar. Auk þess kveður 5. grein frumvarpsins á um að Veiðimálastofnun geti þess utan tekið þátt í rekstri hvaða fyrirtækja sem er sem geta í reynd verið í meirihlutaeigu stofnunarinnar. Allt er opið í þeim rekstarefnum samkvæmt greininni, enda eru einu skilyrðin í frumvarpsgreininni þau að viðkomandi fyrirtæki séu að "þróa hugmyndir og hagnýta rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni". Þessi ákvæði frumvarpsins varpa enn frekara ljósi á það hvers konar mismunun er fólgin í lagafrumvarpinu um starfsemi Veiðimálastofnunar og systurfrumvörpum þess (Pskj.:891; 898; 879; 880). En

frumvarpið ásamt lagatilvísunum systurfrumvarpanna þvergirða til samans fyrir mögulega eðlilega samkeppni einkaaðila á jafnréttisgrundvelli við Veiðimálastofnun með hliðsjón af rannsóknum, ráðgjöf og rekstri annarra fyrirtækja.

Fróðlegt er að geta eins þekktis dæmis um það að Veiðimálastofnun hefur um margra ára skeið verið með verkefni í rekstri sem fellur utan við skilgreint starfsvið (hlutverk) Veiðimálastofnuna. Hér er um að ræða rannsóknir Veiðimálastofnunar í tengslum við kræklingaræktun og tilheyrandi ráðgjöf. Lögmæti slíkarar starfsemi af hálfu Veiðimálastofnunar hlýtur að vera vafasamt. Í öllu falli er eðlilegt að slíkar spurningar vakni enda útlit fyrir að að fjármunir sem í orði kveðnu er ánaðnað til málaflokks sem varðar ferskvatnsfiska, umhverfi þeirra og tilheyrandi veiðimála, séu notaðir að einhverju leyti til að halda úti rekstri á sviði sem fellur undir annan málaflokk. Þetta dæmi er nefnt hér til að tryggja sé í lagafrumvarpinu að Veiðimálastofnun stundi aðeins rannsóknir og ráðgjöf sem tilheyra starfssviði stofnunarinnar.

Samkeppnislega er það mat undirritaðs miðað við frumvarpið óbreytt að það sé óásættanlegt að Veiðimálastofnun geti rekið fiskræktarstöðvar, fiskeldisstöðvar eða hafbeitarstöðvar. Sama gildir um það að Veiðimálastofnun geti tekið þátt í rekstri rannsóknar- og þróunarfyrirtækja sem hagnýti rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinni að hverju sinni. Af þeim sökum er talið eðlilegt að fella burtu efni greinarinnar utan tvær fyrstu línurnar.

Í ljósi þess að stjórnvísingur og fjárhagslegur rekstur Veiðimálastofnunar hefur í dag skörun við 2 aðrar ríkisstofnanir með tilheyrandi hagsmunaaðrekstrum. Þá er löggjafanum skylt að líta til þeirra dæma (sjá útlistanir í II.b.) og koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig í þessu frumvarpi til laga. Það má til að mynda gera með því að bæta við greinina skilgreiningu sem að inntaki væri í eftirfarandi dúr:

*Veiðimálastofnun skal ekki deila umsýslu sinni, stjórnvísingulegri eða annarri sem né fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar með öðrum ríkisstofnunum.*

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)

#### 6. gr.

#### *Gjaldtaka o.fl.*

Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

Þann hluta starfsemi Veiðimálastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, þar sem stofnunin aflar sér tekna með *grunnrannsóknum*, sölu á rannsóknum, ráðgjöf og annarri þjónustu, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins.

Sníða textann til og setja inn texta viðbót sjá umfjöllun hér að neðan um 6. greinina.

Í 6. grein frumvarpsins er vitnað um samkeppni Veiðimálastofnunar með vísun í útseldar rannsóknir, ráðgjöf og aðra þjónustu. Breyta þarf þessari grein með hliðsjón af því að helsta samkeppni einkaaðila við Veiðimálastofnun hefur síðustu ár legið í grunnrannsóknum. Því verður að skipta út yfirskrift 6. greinar frumvarpsins sem og texta greinarinnar að mestu. Í greininni þarf að skilgreina hvernig færa eigi bókhaldslega þann rekstur Veiðimálastofnunar sem er í samkeppni við einkaaðila, hvort sem það eru grunnrannsóknir, þjónusturannsóknir, ráðgjöf eða önnur þjónusta. Í þessu sambandi er rétt að minna á það að nálega allar eða allar grunnrannsóknir Veiðimálastofnunar eru í samkeppni við einkaaðila. Enda nálega allar, eða allar að keppa við einkaaðila um vinnu verkefna alfarið fyrir verkkaupa (veiðifélög,

orkufyrirtæki o.fl.) eða um hluta fjármögnunar verkefnanna (rannsóknasjóðir, aðrir styrktaraðilar eða kostunaraðilar).

Sú staðreynd að Veiðimálastofnun fær samkvæmt frumvarpinu fjárveitingar frá ríkinu sem nema mörgum tugum milljóna króna á ári hverju, en er samt leyft með lagaákvæði að standa í samkeppni við einkaaðila er óásættanleg mismunur af hálfu ríkisins í garð einkaaðila. Við fyrstu sýn er aðeins tvennt til ráða að mati undirritaðs til að gæta þess jafnræðis sem eðlilegt er að sé til staðar í starfsumhverfi á þessu sviði sem öðrum. Annarsvegar má leysa þetta með því að fella niður fjárveitingar ríkisins til Veiðimálastofnunar og hefja samhliða dreifingu á lögboðnum verkum samkvæmt ásættanlegu verklagi á alla rannsóknar- og ráðgjafaraðila á þessu sviði. Hinn möguleikinn sem er sjáanlegur til að koma slíku jafnræði á fælist í því að þeirri fjárveitingu sem ríkið veitir til málaflokksins sé deilt á rannsóknaraðila samkvæmt ásættanlegum reglum í stað þess að Veiðimálastofnun sé veitt öll upphæðin.

Í frumvarpinu eru rannsóknir og ráðgjöf Veiðimálastofnunar látin spanna allan skalann á því starfsviði. Þetta er gert á tímum þegar samkeppnisaðilar hafa sýnt að einkaaðilar (rannsóknafyrirtæki, sjálfstætt starfandi líffræðingar, verkfræðiskrifstofur o.s.frv.) geta í reynd tekið yfir öll störf Veiðimálastofnunar vandkvæðalaust sem hefði umtalsverða hagræðingu í för með sér. Framsetning frumvarpsins gengur að þessu leyti einnig þvert á yfirlýst markmið stjórnvalda sem taka til þess að dregið skuli úr ríkisrekstri. Enn frekari vonbrigði eru með það að við slíkar aðstæður skuli ekki lagið hafa verið nýtt við samningu lagafrumvarpsins til að færa að minnsta kosti hluta af starfskyldum Veiðimálastofnunar í hendur einkaaðila. Með hliðsjón af viðvarandi og vaxandi hallarekstri Veiðimálastofnunar síðustu ár hefði slík ráðstöfun haft raunverulega hagræðingu í för með sér, ekki síst þar sem ekkert er í spilunum annað en að rekstrarhalli Veiðimálastofnunar haldi áfram að aukast. Þess í stað er bætt verkefnum á verksvið Veiðimálastofnunar. Stórtækastar þeirra breytinga varða það að Veiðimálastofnun er með frumvarpinu heimilað að hefja rekstur annarra fyrirtækja ýmist alfarið eða í samstarfi við aðra aðila (síðari hluti 5. greinar). Að auki er nú í fyrsta sinn kveðið formlega á um rannsóknir á ferskvatnsfiskum í sjó sem starfssviðs Veiðimálastofnunar með tilheyrandi kostnaðarauka, eldistilraunir að nýju orðnar rannsóknarvettvangur og fleira nýmeti. Auk þeirra nýju verka sem skilgreind geta komið óskilgreind verk sem Landbúnaðarráðherra útdeilir Veiðimálastofnun eftir hentugleikum með reglugerðum (7. grein). Í framhaldi þessu er eðlilegt að rifjað sé upp innihald fylgiskjals sem fylgir lagafrumvarpinu þar sem segir að setning nýrra laga um Veiðimálastofnun eigi ekki að hafa neinn kostnaðarauka í för með sér miðað við það sem áður var. Sú fullyrðing stenst greinilega ekki nánari athugun.

Vegna ummæla undirritaðs um hallarekstur Veiðimálastofnunar þá set ég hér með upplýsingar sem ég fann á fjárlagavef Fjármálaráðuneytisins (<http://hamar.stjr.is/>). Þar sést að framlag ríkisins 2006 til Veiðimálastofnunar var 76,6 milljónir, a.m.k. það sem fannst í fljótu bragði. En auk þess er mögulegt að stofnunin hafi það ár fengið viðbótarframlög undir öðrum liðum, s.s. sérstökum úppskiptum fjárlagaliðum Landbúnaðarráðuneytisins. Þannig fékk Veiðimálastofnun 63,3 milljónir beint í reksturinn undir eigin nafni 2006. Fjárveitingar ríkisins 2006 fela einnig í sér að Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar fær viðbótarframlög bæði óskilgreint framlag upp á 2,3 milljónir og því til viðbótar fjárveitingu vegna rannsókna á gleráli upp á 1 milljón króna, en þessir liðir virðast vera í áskrift hjá Norðurlandsdeildinni hin síðari ár. Eðlilegt er að samkeppnisaðilar á borð við rannsóknarfyrirtæki undirritaðs velti vöngum yfir því hvaða ástæður liggja að baki að verið sé að veita ríkisstofnunum viðbótarfjárveitingar með þessum áskriftarhætti á tiltekin útibú, einkum og sérstaklega óskilgreindar fjárveitingar. Auk áðurnefndra fjárhæða þá fékk Veiðimálastofnun 2006, 10 milljónir króna til að lagfæra hallarekstur ársins 2005 sem skömmu fyrir áramót hafði verið áætlaður 15 milljónir króna samkvæmt því sem stjórnarmenn

Veiðimálastofnunar greindu fjárlaganefndarmönnum Alþingis frá á fundi með þeim fyrir hönd stofnunarinnar. Þar kom einnig fram að hallareksturinn væri áætlaður enn meiri 2006:

*"Vífill Oddsson og Óðinn Sigþórsson frá Veiðimálastofnun kynntu viðamiklar og fjárfrekar rannsóknir á vegum stofnunarinnar. Rekstrarhalli er nú um 15 millj. kr. hjá stofnuninni og stefnir í enn meiri rekstrarhalla á næsta ári. Mikilvægt er að stofnunin fái aukin framlög í fjárlögum til þess að geta haldið rannsóknunum áfram enda um mjög mikilvægar auðlindir að ræða."*

Úr: *Fylgiskjal VIII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (04 Landbúnaðarráðuneyti). Frá landbúnaðarnefnd. Alþingi, 11. nóv. 2005.*

Í framhaldi af miklum hallarekstri Veiðimálastofnunar á árinu 2005 (15 millj. kr. halli /49,2 millj. kr. ríkisframlag = 30,5%) er eðlilegt að óskað sé eftir því að ákvæði sett í lagafrumvarpið sem komi í veg fyrir að Veiðimálastofnun geti átölulaust árum saman stundað slíkan rekstur. Ennfremur var tilvist árlegra aukafjárveitinga undir liðnum ýmis verkefni til ákveðinna útibúa nokkuð sem að mati undirritaðs lítur út fyrir að vera á skjön við eðlilega stjórnssýslu. Með hliðsjón af því er óskað er eftir því að gengið sé þannig frá lagafrumvarpinu að árlegar fjárveitingar til Veiðimálastofnunar af ríkisins hálfu séu fólgnar í gagnsæum eingreiðslum, nema í algerum undantekingatilvikum þegar sérstakar aðstæður kalla á.

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)

7. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar og framkvæmd þessara laga.

Í stað þessarar reglugerðarheimildar er óskað eftir því að starfsemi Veiðimálastofnunar sé útlistuð í megin dráttum. Þannig að megin línurnar liggi fyrir skilgreindar hvað varðar framkvæmd rannsóknar- og ráðgjafarvinnu Veiðimálastofnunar. Ennfremur er það mat undirritaðs að við hæfi sé að tíunda einnig verklagsreglur sem tryggi gott aðgengi að gögnum stofnunarinnar. Á sama hátt er óskað eftir svipaðri nálgun af hálfu Landbúnaðarstofnunar (fyrrum embætti Veiðimálastjóra) varðandi verklagsreglur og eftirfylgni fyrir lögboðnar úttektir sem kallað er eftir í lagatilvísunum í systurfrumvörpum þessa frumvarps.

(sjá einnig athugasemdir í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan)

8. gr.


*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Um leið falla úr gildi 2. og 3. mgr. 90. gr., 91. og 92. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsvéiði, með síðari breytingum.

## Um ákvæði til bráðabirgða I.

.....  
Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir því að á næstu 5 árum frá gildistöku laganna starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Hún á að vera samstarfs og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. ....

Með hliðsjón af því að einkarekstur á starfsviði Veiðimálastofnunar varðandi rannsóknir, ráðgjöf og aðra þjónustu á umræddu sviði er starfssemi sem varðar lögin með áberandi hætti. Þá er óskað eftir því að fulltrúi einkaaðila í slíkum rekstri fái fulltrúa í samráðsnefndinni.



Jóhannes Sturlaugsson

**LAXESKAR**

Tölvupóstfang: [johannes@laxfiskur.is](mailto:johannes@laxfiskur.is)

Laxfiskur ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær  
Sími: 664 70 80



Laxfiskar ehf  
Jóhannes Sturlaugsson  
Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær  
Sími: 664 70 80  
Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

3. maí 2006

## Landbúnaðarnefnd Alþingis

**Málefni: Samantekt fyrir Landbúnaðarnefnd -  
Umsagnir Laxfiska um þskj. 897—612. mál, frumvarp til laga um Veiðimálastofnun  
og fylgifrumvörp þess (þskj.:891; 898; 879; 880)**

Sælir þingmenn Landbúnaðarnefndar,

Þið hafið nú þegar hlustað á mín sjónarmið á fundi vegna umræddra lagafrumvarpa sem varða starfsvettvang minn og auk þess fengið ítarlega samantekt þar að lútandi í umsögnum mínum til Landbúnaðarnefndar. Í framhaldi af fundi með ykkur þann 27. apríl s.l. fannst mér að það kæmi ykkur að notum að ég myndi útskýra enn frekar stöðu einkaaðila í samkeppni við Veiðimálastofnunar og það er hlutverk þessa bréfs sem um leið er eins konar viðbót við umsögn mína. Þessar útskýringar mínar hér eru m.a.með tilvísun í öllu þekktari aðstæður þar sem ríki og einkaaðilar standa í samkeppni, nefnilega með hliðsjón af RUV og samkeppnisaðilum þess. Ákvað einnig að senda ykkur fróðleik sem varðar þætti stjórnáráðs sem að mínu mati eru ólíðandi en þessa þætti ég hef verið að ræða við Guðna Ágústsson undanfarið m.a. á opinberum fundum (sjá 2 fylgiskjöl) og tæpti ég á þeim atriðum á fundi með nefndinni 27. apríl s.l. Í umsögn minni til Landbúnaðarnefndar varðandi lagagreinar frumvarps um Veiðimálastofnun benti undirritaður á tillögur að því hvernig mætti koma í veg fyrir þessi tilteknu hliðarspor í stjórnáráði:

**3 gr: .....**Ráðgjafarnefnd Veiðimálastofnunar fundar og ályktar um fagleg málefni en ekki fjárhagsleg. Ráðgjöf nefndarinnar til handa Veiðimálastofnun skal birta opinberlega. Nefndarmenn ráðgjafarnefndarinnar skulu á meðan þeir gegna störfum fyrir nefndina ekki gegna störfum fyrir Fiskræktarsjóð og koma þannig í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra;

**5 gr: .....** Veiðimálastofnun skal ekki deila umsýslu sinni, stjórnáráðslegru eða annarri, né fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar með öðrum ríkisstofnunum.).

Bréf þetta var sent öllum nefndarmönnum Landbúnaðarnefndar nema Jóni Bjarnasyni. Ástæðan er sú að undirritaður kys að lítið sé til þingskapa sem málið varða eða bara almennrar háttvísi hvað það varðar það að Jón Bjarnason fjalli ekkert um þann hluta þessara lagafrumvarpa sem varðar samkeppni Veiðimálastofnunar og einkaaðila á sama starfsviði. Ástæðan er sú að sonur Jóns veitir forstöðu útibúi Veiðimálastofnunar (Norðurlandsdeild). Sem dæmi má nefna að ef Jón Bjarnason myndi gegna annarri stöðu en þingmannsstöðu fyrir ríkið þá myndu stjórnáráðslögin kveða skýrt á um vanhæfi hans til að koma að umfjöllun þessa hluta lagafrumvarpanna og jafnvel lagafrumvarpanna í heild.

Hér að neðan fær Landbúnaðarnefnd að nokkru leyti innsýn í minn starfsvettvang og annarra í minni stöðu gagnvart Veiðimálastofnun (ríkisaðilanum) í yfirfærðri merkingu með hliðsjón af RUV og einkaaðilum í sjónvarpsrekstri. Í lokin er síðan fjallað um þetta málefni samantekið með vísun í ýmsa þá helstu þætti sem málið varða allt frá siðferðisvitund til annarra laga sem tengjast starfsumhverfinu sem fólgið er í frumvörpunum.

**RUV fengi einn aðila (ekki Stöð 2 og aðrir) að birta auglýsingar sem birta þyrfti með vísun í lög og reglur, sbr., að Veiðimálastofnun situr ein að öll að lögbundnum verkum laganna.**

**RUV væri umsagnarðili um fagleg málefni keppinauta sinna (s.s. Stöð 2) og samstarfsaðila þeirra, sbr. að Veiðimálastofnun kemur að því að meta með umsögnum o.þ.h. ef einkaaðilar í rannsóknum eða samstarfsaðilar þeirra eru að framkvæma rannsóknir í ám eða vötnum sem kalla á faglega umsögn eða aðra lögbundnar úttektir og álitsgerðir. Ennfremur kæmi sama upp ef**

einkaaðilar myndu standa að því að reisa eða reka fiskeldisstöð í rannsóknarskyni, þ.e.a.s. Veiðimálastofnun væri umsagnaraðili. Á sama tíma væri Veiðimálastofnun frjálst að eiga og reka fiskeldisstöðvar, eða önnur fyrirtæki sem hefðu einhverja tengingu við rekstur Veiðimálastofnunar án þess að minnsta krafa væri gerð um eignahlutdeild o.þ.h. Eitt dæmið enn væri að ef umhverfisslys yrðu af völdum rannsókna eða rannsóknareksturs s.s. reksturs fiskeldisstöðva, þá myndi Veiðimálastofnun sem fyrr leggja mat hvorutveggja mat á eigin gerðir og gerðir samkeppnisaðila sinna.

**RUV væri leyft að taka megnið af ríkisfjárveitingu sinni og fara með í Kvikmyndasjóð og keppa þar um fjármuni til kvikmyndagerðar með tilheyrandi samdrætti í styrkveitingum til sjálfstætt starfandi aðila er vinna að gerð kvikmynda og sjónvarpsefnis.** Enda auðveldara um vik að setja upp metnaðarfull verkefni og auka fjölda verka með ríkisframlagið í vasanum þegar krafa er gerð um 50% mótfjármögnun að lágmarki. Þannig háttar nefnilega til með Veiðimálastofnun sem nýtir sitt ríkisframlag með slíkum hætti sem mótfamlag við styrkumsóknir til rannsóknasjóða (Fiskræktarsjóður, Rannsóknasjóður o.s.frv.) og annarra kostunaraðila. Á sama tíma er bara rætt um að einungis þurfi að búa til dálka í bókhaldi Veiðimálastofnunar þar sem vistuð séu þau þjónustuverk sem séu í samkeppni og þá sé allra samkeppnissjónarmiða gætt. Málið er að allar eða nálega allar grunnrannsóknir Veiðimálastofnunar eru í samkeppni við einkaaðila á þessu starfssviði s.s. sést á því að öll verkin eða nálega öll eru að þiggja fjármuni að hluta til frá öðrum aðilum en ríkinu, fjármuni sem aðrir rannsóknaraðilar eru að keppa um. Þetta væri ekki nema einungis vegna þess að skilgreining á störfum Veiðimálastofnunar á ársgrundvelli er engin önnur en sú að stofnunin stundi grunnrannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra frá jökulsporðum og á haf út. Vegna þess getur Veiðimálastofnun nýtt sér ríkisframlag sitt að vild sem mótfamlag til rannsóknaverka eftir því hvernig vindar blása hverju sinni s.s. í sjóðaumhverfinu. Þetta stangast meðal annars á við lög sem varða Evrópska efnahagslögsögu en í EES samningnum segir m.a. að nauðsynlegt sé að ákvarða og magngreina þá þjónustu sem veita eigi í samkeppni við einkaaðila með ríkisstyrkjum.

**Af ofangreindu þá sker í augun að eðlileg samkeppni fæst ekki þrífist gegn Veiðimálastofnun, þegar hún sinnir öllum iðgbundnum umsögnum o.þ.h. skilyrtum verkum en er samtímis á kafi í samkeppni við einkaaðila um önnur verk með öðrum tiltækum ráðum. Af sömu ástæðu fæst hlutleysi Veiðimálastofnunar ekki þrífist í slíku rekstrarumhverfi.** Víst er einnig ljósi þessa að tryggasta leiðin fyrir aðila sem starfa í umhverfi veiðimála (veiðifélög, fiskeldisstöðvar o.þ.h. aðilar) og þurfa að vinna að rannsóknum samtímis að skipta við Veiðimálastofnun, enda þyrftu þeir af þeim sökum og öðrum reglulega að eiga undir Veiðimálastofnunar umsagnir sem varða reksturinn enda ljóst að þá væri a.m.k. ekki hætt á neina mögulega hagsmunaárekstra svo sem ef einkaaðilar væru fengnir til rannsóknarvinnu eða ráðgjafar.

Af þessu leiðir að breyta þarf starfsemi Veiðimálastofnunar á þá vegu að hlutleysi hennar sé til staðar varðandi lögboðnar umsagnir sem felst fyrst og fremst í því að stofnunin standi ekki í samkeppnisrekstri við einkaaðila. Vinnu við lögboðin verk á þessu starfssviði myndi ríkið tryggja með greiðslum til Veiðimálastofnunar. Ef ríkisvaldið vill síðan leggja málaflöknum frekara lið svo sem eðlilegt verður að teljast þá væri rannsóknaraðilum gert kleift að keppa um þá fjármuni á jafnræðisgrundvelli s.s. með útboðum. Menningarsjónarmið og landsbyggðarsjónarmið koma ekki við sögu hér líkt og í tilfelli reksturs RUV þar sem hægt er að skilja vægi slíkra þátta.

**Markaðsráðandi staða ríkisfyrirtækja sem eru í samkeppni við einkaaðila hefur ekki verið rætt á opinberum vettvangi svo eftir sé tekið. Mikið fer fyrir þeirri umræðu varðandi fyrirtæki á frjálsum markaði. Eðlilegt er að sambærilegar reglur gildi um slíkt og maður væntir þess að þær séu nú þegar fyrir hendi. Víst er að markaðsráðandi staða Veiðimálastofnunar nú þegar er eitt af þeim atriðum sem kalla á það að Veiðimálastofnun verði ekki gert klieft að þenjast enn frekar út með rekstri alls kyns fyrirtækja.** Allt frá rannsóknastöðvum sem alfarið væru í eigu Veiðimálastofnunar til annarra gerða fyrirtækja með sem hefðu einhvers konar tengingu við rannsóknir og/eða þróunarstörf Veiðimálastofnunar þar sem Veiðimálastofnun gæti átt ráðandi eignarhlut (5. grein lagafrumvarps um Veiðimálastofnun). Mörg rök önnur hníga í sömu átt vegna fyrirsjáanlegra hagsmunaárekstra. Eitt dæmið er að Veiðimálastofnun myndi í senn reka fyrirtæki sem hún samhliða veitti lögboðnar umsagnir um með vísun starfsemi fyrirtækjanna og möguleg hliðaráhrif. Annað dæmi er vaxandi og viðvarandi hallarekstur Veiðimálastofnunar síðustu ár sem ekki á að verðlauna með vaxandi umsvifum sem líkleg eru til að auka enn frekar á hallareksturinn. Hallarekstur Veiðimálastofnunar er eðlilegt að skoða sem hlutfall af ríkisframlaginu þar sem ríkið hefur ævinlega greitt slóðaskapinn upp ári eða árum síðar. Halli Veiðimálastofnunar upp á

ríflega 30% af ríkisframlaginu 2005 sýnir að stjórnun rannsóknanna miðar að því að framkvæma það sem menn vilja framkvæma en ekki að framkvæma fyrir þá fjármuni sem tiltækir eru. Hvaða nauðsyn kallaði á þessa yfirkeyrslu? Hvaða nauðsyn kallar á aukin umsvif Veiðimálastofnunar í verkum og mannafla næstliðin 3 ár? Á sama tíma og samkeppnisaðilar geta sem aldrei fyrr tekið yfir og unnið þau sömu verk á hagkvæmari hátt og fyrir minni fjármuni svo sem vikið hefur verið að í umsögn minni. Lagalegt viðmið sem gerir ráð fyrir því að framkvæmdastjóri sé tekin á beinið vegna reksturs þegar hann fer 4% fram yfir á fjárlögum hefur auðsjánlega ekki verið nýtt hin síðari ár til að hjálpa til við að koma rekstri Veiðimálastofnunar á réttan kjöl. Einnig er eðlilegt að slíkur hallarekstur sé skoðaður frá fleiri hliðum þegar samkeppni við einkaaðila er í spilinu.

**Auk samkeppnislegra sjónarmiða sem varða ný lagafrumvörp þá er stjórnarsýslan í umræddum málaflokki veiðimála nú þegar í stakasta ólaga varðandi einstaka þætti sem miklu skiptir að séu í lagi. Ég sendi ykkur dæmi um það með afritum af tveimur opinberum bréfum sem ég sendi í liðinni viku til Guðna Ágústssonar Landbúnaðarráðherra og tveggja skrifstofustjóra hans, þar sem ég bið um að tiltekni ólíðandi starfshættir Veiðimálastofnunar/Landbúnaðarráðuneytisins sem varða starfsumhverfi þessa rannsóknamálaflöks séu með hjálp ráðuneytisins lagfærðir með hliðsjón af því sem núgildandi lög og reglur gera ráð fyrir. Hér er undirstrikað að þetta eru opinber bréf til ráðuneytisins varðandi tiltekin atriði stjórnarsýslunnar í þessum málaflokki sem eru í stakasta ólestri og því alls ekki einkabréf til Guðna Ágústssonar og félaga. Af þeim sökum eru bréfin látin fylgja hér með til útskýringa á því hvernig umhverfi stjórnarsýslunnar er einnig stórlega að hafa áhrif á samkeppnisumhverfi þeirra sem keppa við Veiðimálastofnun á þessum starfsvettvangi.**

Ríkistrygging á markaðsráðandi stöðu Veiðimálastofnunar sem ríkisrekens aðila í samkeppni við einkaaðila um rannsóknir og þjónustu getur ekki talist eðlileg ráðstöfun með lögum. Ríkisaðila sem ofan í kaupið er með lögum gerður að umsagnaraðila um atriði er varða rekstur samkeppnisaðilanna. Það væri ótrúleg skipan mála ef slík ráðandi staða væri höfð óbeisluð og í reynd blásin út svo sem ráð er fyrir gert með áætluðum fyrirtækjarekstri Veiðimálastofnunar í lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun. Þar á meðal er fyrirtækjarekstur Veiðimálastofnunar í fiskeldi lagður upp á sama tíma og Stofnfiskur og Hólaskóli hafa séð um allar rannsóknir á eldisfiskum í 10 ár. Hvað veldur því að þessu þarf að breyta nú? Ef þörf er á því að gera rannsóknir sem tengjast fiskrækt sérstaklega þá er sem fyrr ekkert mál að semja við fiskeldisstöðvar um aðstöðu til slíkra rannsókna.

**Í lokin vil ég nefna að ég er ekki sammála lögfræðingi Landbúnaðarráðuneytisins um það að öll atriði lagafrumvarpsins um Veiðimálastofnun og fylgifrúmvörp þess standist lög. Þetta kom fram í máli hans á fundi sem ég sat ásamt honum hjá Landbúnaðarnefnd 27. apríl s.l, þegar vísað var til þess að hans hálfu að frumvörpin hefðu að öðrum kosti ekki verið lögð fram. Slíkt hefur jú komið fyrir all oft í sögu Alþingis og mín skoðun er sú að ef lagafrumvörpin væru samþykkt með sínum helstu núverandi ágöllum þá værum við hér komin með enn eitt dæmið. Í lagafrumvarpinu um Veiðimálastofnun og fylgifrúmvörpum þess er að finna samkeppnislega mismunun sem undirritaður telur að lagalega sé ekki hægt að verja. Dæmi um þetta er samkeppnislega óverjandi staða Veiðimálastofnunar sem samkeppnisaðila og umsagnaraðila í senn. Ennfremur óverjandi staða Veiðimálastofnunar sem árlegs þiggjanda ríkisframlags sem ekki er skilgreint nægilega vel (nákvæmlega) á ársgrundvelli hvað eigi að fara í og hverju eigi að skila s.s. gera þarf samkvæmt EES samningnum. Um leið er í fyrirliggjandi frumvarpinu á sama hátt ekki að finna skilgreindan stafkrók um að ríkisframlagið megi ekki nýta til að bola einkaaðilum út af borðinu í samkeppni um styrkfé og kostunarfé til grunnrannsókna svo sem með því að nota það sem móttframlög í rannsóknasjóði. Fari svo að stærstu ágallar frumvarpsins um Veiðimálastofnun og fylgifrúmvörp þess m.t.t. samkeppnisþátta verði hluti af þeim lögum sem á endanum verða samþykkt á grunni frumvarpanna. Þá skapast líklega einstakar aðstæður til skaðabótakrafna af hendi þeirra einkaaðila sem keppa um verk við Veiðimálastofnun og hafa reynt að leggja ráðuneytismönnum og þingmönnum lið í því að að færa lögin að því samkeppnisumhverfi sem við lifum við í dag. Ekki þarf að fjölyrða um það að sá réttur til bóta yrði sóttur.**

Auk þess er þarft að minna á minna á það að almennt ætti það ekki að vera minna mál við gerð laga að sníða þau að síðferði hvers tíma heldur en að sníða þau að öðrum lögum sem þau gætu varðað. Því hvers virði eru lög sem bersýnilega eru ósiðleg með hliðsjón af einhverjum þeirra sem þau varða enda þó hægt sé að finna því stað að þau séu ekki að brjóta ákvæði annarra laga. Ósiðleg mismunun á samkeppnisumhverfi Veiðimálastofnunar og einkaaðila á sama starfsvettvangi og aukin heldur vanhæfni Veiðimálastofnunar til að standa fyrir hlutlausum

**umsögnum samtímis samkeppni sinni er dæmi um lagasetningu sem menn eiga ekki að leggja nafn sitt við.**

Af ofangreindum ástæðum þarf að taka til hendinni og lagfæra lög um Veiðimálastofnun og fylgifrúmvörp þess frumvarps með hliðsjón af þeim göllum sem að felast í lagafrúmvörpunum að óbreyttu, varðandi starfsumhverfi rannsóknar- og ráðgjafaraðila á þessu sviði. Miðað við þá vinnu sem ætla verður að felist í slíkum umbótum þá sýnist undirrituðum að það hljóti að vera óvinnandi vegur að áorka því verki fyrir lok þessa þings. Með hliðsjón vonar undirritaður að menn sjái sér fært að fresta lokaafgreiðslu frumvarpanna til næsta löggjafarþings.

Kveðja,

Jóhannes

\*\*\*\*\*

Jóhannes Sturlaugsson

Johannes Sturlaugsson

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær

Salmon and Trout Research  
Hradastadir 1, P.O.Box 280  
IS - 270 Mosfellsbaer  
Iceland

Sími: 664 70 80  
Tölvupóstfang:  
[johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Phone: +354 664 70 80  
Email: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

----- Original Message -----

**From:** Jóhannes Sturðsson

**To:** [guðni.agustsson@lan.stjr.is](mailto:guðni.agustsson@lan.stjr.is)

**Cc:** [niels.arni.lund@lan.stjr.is](mailto:niels.arni.lund@lan.stjr.is) ; [hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is](mailto:hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is)

**Sent:** Wednesday, April 26, 2006 11:01 PM

**Subject:** Ósk um að Veiðimálastofnun hætti að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins vegna hagsmunaárekstra - vanhæfi o.fl.

Landbúnaðarráðuneyti  
b/t Guðna Ágústssonar  
Sölvhólsgata 7  
150 Reykjavík

26. apríl 2006

Erindi: Ósk um Landbúnaðarráðuneytið sjái til þess að Veiðimálastofnun sjái ekki um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð og aðrar ríkisstofnanir Landbúnaðarráðuneytisins.

Líkt og ég greindi þér og öðrum fundarmönnum frá á fundi SVFR og Landsambands stangaveiðifélaga í gærkveldi þá er fjölmargt í ólagi í starfsumhverfi þeirra einkaaðila sem stunda rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og tilheyrandi ráðgjöf í samkeppni við Veiðimálastofnun, sem er ríkisrekni rannsóknaraðilinn á þessu sviði. Eitt af því sem ég nefndi til sögunnar á sviði stjórnsýslumála sem væri til vansa fyrir Veiðimálastofnun og þar með Landbúnaðarráðuneytið varðaði stjórnarmann Veiðimálastofnunar sem situr í nálega öllum stólum sem er að finna í stjórnsýslunni á þessu sviði, þ.m.t. í stjórn Fiskræktarsjóðs. Bréf um það efni sendi ég ykkur í Landbúnaðarráðuneytið fyrr í dag vegna þess að viðkomandi gaf í skyn að hann væri þrátt fyrir allt ekki eins vanhæfur og halda mætti. Ekki þarf að fjölyrða um það og vitna ég til bréfsins sem ég sendi ykkur varðandi það mál.

Á þessum sama fundi í gærkveldi nefndi ég fleiri dæmi um slæma stjórnsýslu á sviði veiðimála sem einkaaðilar er stunda rannsóknir og ráðgjöf á þessu sviði líða fyrir. Í framhaldi af bréfaskrifum til þín Guðni fyrr í dag (afrit til tveggja skrifstofustjóra þinna) til að fylgja málum eftir vegna áður nefnds vanhæfismáls. Þá fannst mér ekki hægt annað en ítreka hitt dæmið sem ég tók til umfjöllunar á fundinum í gær um óhæfa stjórnsýslu á þessu sviði landbúnaðarmála. Víst er að dugandi sérfræðingar sem ég hef rætt við undanfarið á sviði, stjórnsýslu, samkeppnis- og viðskipta lýsa áhyggjum sínum vegna umhverfis málaflokksins. Sumir þeirra s.s. á samkeppnisstofnun eru enn að kynna sér gögn frá mér um þetta sérstaka starfsumhverfi. Víst er sá fortíðar- og samtíðarvandi sem felst í öllum þeim samkeppnishömlum sem felast í mismunun ríkisins gagnvart einkaaðilum á þessu sviði er sláandi og enn versnar ástandið til framtíðar lítið ef lagafrumvörpin sem til umfjöllunar eru sem artakar gömlu lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 fara óbreytt í gegn.

Hér að neðan fer ég orðum um gersamlega óhæfa stjórnsýslu sem varðar fjárhagslega umsýslu Veiðimálastofnunar fyrir aðrar ríkisstofnanir sem einnig falla undir stjórn Landbúnaðarráðuneytisins og eiga það sammerkt að eiga að heita óháðar hver annari um ákvarðanatökur o.þ.h. Hér er ítrekuð ósk mín frá í gærkveldi að þetta verði ekki látið viðgangast lengur. Líkt og í síðasta bréfi mínu þá óska ég svara frá Landbúnaðarráðuneytinu um það hvernig menn ætla að bregðast við og þá fyrst og fremst frá þér Guðni, enda ert þú yfirmaður forstöðumanna þessara stofnanna og auk þess prókúruhafi Fiskræktarsjóðs.

Skrifstofustjóri Veiðimálastofnunar hefur í þau 20 ár sem undirritaður hefur unnið að rannsóknum á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra séð um alla fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Samskonar þjónusta þessarar rannsóknarstofnunar hefur verið innt af hendi fyrir embætti Veiðimálastjóra allt frá því að það var klofið frá Veiðimálastofnun 1997. Veiðimálastjóri hefur nú í einhverja daga starfað undir nýjum hatti Landbúnaðarstofnunar sem veiðimálastjórn stjórnsýslusviðs þeirrar stofnunar en er enn sem fyrr á sínu gamla sambýli í slagtoگی við Veiðimálastofnun. Fyrstu 17 árin af þessum 20 sem vitnað var til var undirritaður starfandi á Veiðimálastofnun (1986 - 2003 þ.a. tvö þau fyrstu lausráðinn) og 3 síðustu ár hef ég starfað við rannsóknir hjá eigin rannsóknafyrirtæki, Laxfiskum ehf. Hvað sem þeim árafjölda líður þá er allt við sama heygardhornið varðandi fjárhagslega umsýslu Veiðimálastofnunar fyrir Fiskræktarsjóð en vænta verður þess að eitthvað dali þessir möguleikar á fjárhagslegri umönnun Veiðimálastofnunar

eftir að veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar verður komin á Selfoss á hausti komanda. Víst þykir að hvergi annarstaðar á Vesturlöndum finnist starfsmaður á borð við skrifstofustjórnann sem sinnir fjársýslu fyrir þrjár ríkisstofnanir í senn með tilheyrandi hagræðingu. Enn ólíklegra er að annar slíkur skrifstofustjóri finnist ef leitað væri að ríkisstofnunum sem lögum samkvæmt eiga að teljast óháðar hver annarri hvað ákvarðanatökur varðar. Dæmið um Veiðimálastofnun sem sinnir fjárreiðum tveggja annarra stofnanna Landbúnaðarráðuneytisins kristallar betur en margt annað þau hagsmunatengsl sem óeðlileg eru í stjórnslu Veiðimálastofnunar.

Ekki veit undirritaður hvað Veiðimálastofnun hefur borið fjárhagslega úr bítum fyrir þessi rannsóknarstörf sín í fjármálum annarra ríkisstofnanna Landbúnaðarráðuneytisins. Sá þáttur er enda nánast aukatriði því vandinn fyrir einkaðila sem keppa við Veiðimálastofnun á þessu starfssviði í rannsóknum og ráðgjöf gjalda fyrir þessi tengsl Veiðimálastofnunar við Fiskræktarsjóð og yfirstjórn veiðimála (Veiðimálastjóra nú Landbúnaðarstofnun). Þarna er langt í frá um eðlileg viðskiptaleg tengsl að ræða á milli stofnanna og er þá ótalin ýmis blandaður rekstur á milli Veiðimálastofnunar og Veiðimálastjóra (nú Landbúnaðarstofnunar) sem við lýði hefur verið. Í ljósi þessa er ekki hægt að finna það hlutleysi sem á að vera á milli áðurnefndra aðila hvort sem það er Veiðimálastofnun sem er að sækja um styrki til Fiskræktarsjóðs eða Veiðimálastofnun sem er að sækja um leyfi til Veiðimálastjóra.

Auk þess minni ég aftur á það staka lán fyrir Veiðimálastofnun að hún skuli sinna allri fjárhagslegri umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Þetta kemur til af því að tekjur Fiskræktarsjóðs ráðast árlega af skírur tekjum veiðifélaga landsins auk þeirra fjármuna sem koma frá ríkinu til sjóðsins. Af því leiðir að Veiðimálastofnun fær í hendurnar árlega gögn yfir það hvernig rekstur allra Veiðifélaga landsins hefur gengið árinu á undan. Af þessu hlýst væntanlega viðbótar hagræði enda getur komið sér að vita hvernig fjárhagsstaða Veiðifélaga er, því flestir sem kaupa rannsóknir og þjónustu á þessu sviði koma úr þeirra röðum.

Ég læt þetta nægja að sinni og eru samt ótalin réttlætismál sem ég kom inn á í gær og varða samkeppnislög og ýmis konar hagsmunaárekstra sem koma til vegna þess að Veiðimálastofnun er ætlað það ókleifa að starfa sem hlutlaus aðili að lögboðnum umsögnum o.þ.h. verkum en samtímis að starfa í bullandi samkeppni á sama sviði. Skal að gefnu tilefni undirstrikað að helsta samkeppni í starfsemi Veiðimálastofnunar m.t.t. einkaaðila á sama sviði eru grunnrannsóknir á næstliðnum árum en ekki þjónusturannsóknir.

Það er von mín að Landbúnaðarráðuneytið stöðvi nefnt vafstur Veiðimálastofnunar í fjármálum annarra stofnanna Landbúnaðarráðuneytisins og ítreka ég ósk mína um það að ég vil svör um það frá ykkur hvenær það á að gerast.

Enn og aftur mínar bestu réttlætiskveðjur,

Jóhannes Sturlaugsson

Afrit send tveimur skrifstofustjórum í Landbúnaðarráðuneytinu þeim Hákonni Sigurgrímssyni og Níels Árna Lund enda málefni sem varðar Landbúnaðarráðuneytið almennt og þarf einnig að vistast sem slíkt.

\*\*\*\*\*

Jóhannes Sturlaugsson

Johannes Sturlaugsson

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær

Salmon and Trout Research  
Hradastadir 1, P.O.Box 280  
IS - 270 Mosfellsbaer  
Iceland

Sími: 664 70 80

Phone: +354 664 70 80

Tölvupóstfang:

[johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Email: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

\*\*\*\*\*

----- Original Message -----

**From:** Jóhannes Sturlaugsson

**To:** gudni.agustsson@lan.stjr.is

**Cc:** Óðinn Sigbórsson ; niels.arni.lund@lan.stjr.is ; hakon.sigurgrimsson@lan.stjr.is

**Sent:** Wednesday, April 26, 2006 5:52 PM

**Subject:** Ósk um að farið sé að stjórnsýslulögum - vanhæfi

Landbúnaðarráðuneyti  
b/t Guðna Ágústssonar  
Sölvhólsgrata 7  
150 Reykjavík

26. apríl 2006

Erindi: Vanhæfi Óðins Sigbórssonar stjórnarmanns Veiðimálastofnunar til setu í stjórn Fiskræktarsjóðs

Sæll Guðni,

Í morgun fékk undirritaður send gögn frá Óðni Sigbórssyni er sýna hvernig Fiskræktarsjóður afgreiddi hluta þeirra styrkumsókna sem sjóðurinn tók fyrir vor/sumar 2005. Á þessu afriti fundargerðarinnar (1 bls) kemur fram að við afgreiðslu 2005 vék Óðinn Sigbórsson af fundi þegar til lokaafgreiðslu voru teknar þær 2 styrkumsóknir sem vörðuðu Veiðimálastofnun og komu fyrir á þessu blaði.

Líkt og ég greindi þér og öðrum fundarmönnum frá á fundi SVFR og Landsambands stangaveiðifélaga í gærkveldi þá er ýmislegt í ólagi í starfsumhverfi þeirra einkaaðila sem stunda rannsóknir á ferskvatnsfiskum og umhverfi þeirra og tilheyrandi ráðgjöf í samkeppni við Veiðimálastofnun, sem er ríkisrekni rannsóknaraðilinn á þessu sviði. Eitt af því sem ég nefndi til sögunnar á sviði stjórnsýslumála sem væri til vansa fyrir Veiðimálastofnun og þar með Landbúnaðarráðuneytið varðaði störf Óðins Sigbórssonar stjórnarmanns hjá Veiðimálastofnun sem jafnframt er nefndarmaður í útlutunarnefnd Fiskræktarsjóðs (Veiðimálanefnd). Í framhaldi af því sendi hann einblöðunginn til okkar í dag sem í reynd breytir engu um það sem fram kom í gær og verður það rakið hér að neðan. **Hér ítreka ég það að þú sem yfirmaður þessa málaflökks sjáir sóma þinn í því að koma málum þessum í lag.**

Í máli mínu í gærkveldi kom fram að störf Fiskræktarsjóðs byggðust á því annarsvegar að taka afstöðu til verkefna sem Veiðimálastofnun sækir um styrki til handa og hinsvegar að afgreiða umsóknir einkaaðila og félaga sem keppa við Veiðimálastofnun um þá styrki. Við afgreiðslu styrkja væri Óðinn Sigbórsson vanhæfur hvort heldur að um Veiðimálastofnun væri að ræða eða samkeppnisaðila þeirrar stofnunar af augljósum ástæðum, þar sem hvorutveggja hefur áhrif á það hvað Veiðimálastofnun ber úr bytum frá Fiskræktarsjóði. Hér er því við að bæta að sem ekki var nefnt í gær og skiptir ekki minna máli, sem er það að Óðinn Sigbórsson stjórnarmaður Veiðimálastofnunar fær með setu sinni í Fiskræktarsjóði færi á að skoða í þau hvernig rannsóknir samkeppnisaðila Veiðimálastofnunar eru skipulagðar og hver sé framvinda þeirra. Af framansögðu er öllum ljóst sem leggja sig eftir því að lesa II. kafla stjórnsýslulaganna að Óðinn Sigbórsson er vanhæfur til starfa fyrir Fiskræktarsjóð og það vanhæfi er af þeirri stærðargráðu að það leiðir til þess sem kallað er almennt vanhæfi, þ.e.a.s. í reynd er honum ekki stætt á að gegna störfum fyrir Fiskræktarsjóð. Í dag hef ég meðal annars rætt vanhæfismál við ritara Úrskurðarmála upplýsingamála í Forsætisráðuneytinu til þess að átta mig betur á þessum lögum.

Varðandi setu Óðins í Fiskræktarsjóði þá vill undirritaður benda á það að umrædd 2 tilvik sem vitnað er til af hálfu Óðins eru þau fyrstu sem undirritaður veit til að Óðinn Sigbórsson stjórnarmaður Veidimálastofnunar hafi vikið af fundi vegna afgreiðslu málefna sem varða styrkveitingar til Veidimálastofnunar. Undirritaður bendir m.a. á styrkafgreiðsluafgreiðslur Fiskræktarsjóðs 2003 þessu máli sínu til stuðnings en fundargerðir þar að lútandi sýna þetta (fundur 4. júní 2003). Þær sömu fundargerðir sýna að þá þeim fundi ákvað Óðinn að víkja af fundi þegar styrkmálefni Landsambands veiðifélaga (LV) voru afgreidd (Veidimálastofnun vann síðan þá faglegu vinnu sem í þeim verkefnum var fólgin fyrir LV). Af ofansögðu sést að það eru nýmæli að Óðinn víki af af fundi við lokafgreiðslu styrkja til Veidimálastofnunar. Ennfremur er ljóst að enn situr Óðinn sem fastast við afgreiðslu styrkumsókna frá samkeppnisaðilum Veidimálastofnunar og hefur í sínum fórum gögn er varða þau verk svo sem varðandi aðferðafræði verkefnanna sem ljóst má vera að samkeppnisaðilar kjósa ekki að sé í höndum hins ríkisrekna samkeppnisaðila.

Hér að neðan er að finna úrskurð Úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem fjallað var um aðgang undirritaðs að gögnum hjá Fiskræktarsjóði og Veidimálastofnun sem vörðuðu rannsóknaverkefni sem hann skipulagði og var verkefnisstjóri að þegar starf hans var lagt niður hjá Veidimálastofnun. Í þeim gögnum Forætisráðuneytisins (sem og fórum undirritaðs og Fiskræktarsjóðs) er að finna þau gögn sem undirritaður vitnar til varðandi það hverjir sátu eða sátu hjá við afgreiðslur styrkja á fundum Fiskræktarsjóðs 2003 og reyndar einnig 2002.

A-170/2004 Úrskurður frá 26. mars 2004, sjá með því að fara á eftirfarandi tengil:

<http://ursk.forsaetisraduneyti.is/urskurdir/nr/1550>

Málið sem bar hæst í þeim verkefnum sem undirritaður hafði með höndum er starf hans var lagt niður hjá Veidimálastofnun og Úrskurðarnefnd fjallaði um í ofangreindum úrskurði varðaði rannsóknir sem byggðust þá á 10 ára fúmherjastarfi undirritaðs sem ég hafði unnið að í samstarfi við Stjórnu-Odda (eini aðilinn sem að því kom af hálfu Veidimálastofnunar öll árin) og í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Þessar rannsóknir sem gengu út á að merkja gönguseiði laxa með mælimerkjum til að kanna ferðir, hegðun og umhverfi laxa í sjó hafði undirritaður skipulagt og komið formlega á dagskrá áður en starf mitt var lagt niður hjá Veidimálastofnun. Nú bregður svo við í liðinni viku að undirritaður fór á árfund Veidimálastofnunar, þar sem þú Guðni varst staddur sem og Óðinn Sigbórsson. Í inngangserindi framkvæmdastjóra Veidimálastofnunar kom fram að Veidimálastofnun hefðu fyrstir allra hafið rannsóknir á laxi í sjó með mælimerkingum gönguseiða og sama var að finna í ársskýrslu Veidimálastofnunar svo sem eftirfarandi tilvitnun skýrslunnar vitnar um ("..... Veidimálastofnun nýtir fyrst allra í gönguseiði laxa"). Reyndin var sú líkt og ég kom á framfæri við fundarmenn í lok þess fundar, að það var rannsóknarfyrirtæki mitt Laxfiskar ehf sem fyrst allra framkvæmdi slíkar merkingar og einnig státa Laxfiskar einir rannsóknaraðila á þessu sviði á heimssvísu að eiga nú þegar í þússi sínu gögn yfir heildarferðalag laxins frá árósum út í úthaf og heim í ána á ný og það frá nokkrum fiskum. Því skyldi ég nefna þetta hér? Jú þrjár megin ástæður koma til.

1) Í fyrsta lagi vegna þess að allir sem tengdust Veidimálastofnun á þeim tíma er starf mitt var lagt niður hjá Veidimálastofnun vissu hve neyðarlegt mál það var fyrir Veidimálastofnun að ekki sé meira sagt að sinni a.m.k., ekki síst m.t.t. þess rannsóknaverkefnis sem hér var vitnað til. Þessu til staðfestingar vitna ég hér að neðan til tveggja opinberra úrskurða. Annarsvegar úrskurðar Laganefndar BHM 1.a) og hinsvegar Umboðsmanns Alþingis 1.b). Af þeim sökum var það ósmekklegra en ella að standa í slíkri staðreyndatilfærslu.

1.a.) Starfshættir framkvæmdastjóra Veidimálastofnunar hafa ekki verið samkvæmt lögum sem gilda um stjórnsýslulög og starfshætti, sem hlýtur að teljast bagalegt þegar um er að ræða framkvæmdastjóra ríkisstofnunar. Staðfest dæmi um þetta er að finna í úrskurð Laganefndar BHM frá nóvember 2004: *Mál nr. LN 03-02* sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu BHM: <http://www2.bhm.is/main/view.jsp?branch=485520>



þar sem m.a eftirfarandi upplýsingar úrskurðarins er að finna:

"Laganefnd telur sig ekki geta kveðið upp úr um það hvort um einelti var að ræða. Nefndin telur þó ljóst að framkvæmdastjórinn hafi í samskiptum sínum við J hvorki farið að stjórnarsýslulögum né gætt góðra stjórnarsýsluhátta" Ennfremur segir eftirfarandi: "Nefndin álitur hins vegar að það bendi til þess að niðurlagning stöðu J hafi ekki byggst á málefnalegum forsendum. Ennfremur verður VMST að gæta þess við framkvæmd umræddra rannsókna að fara að samkeppnislögum".

1.b.) Álit Umboðsmanns Alþingis vegna starfshátta framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar við niðurlagningu starfs. Mál: *Opinberir starfsmenn. Lausn frá störfum vegna sparnaðar. Rannsóknarreglan. Leiðbeiningar um rétt til rökstuðnings. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Vandaðir stjórnarsýsluhættir. (Mál nr. 4018/2004).* sjá eftirfarandi tengil á vefsíðu Umboðsmanns:

<http://www.umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=1113&Skoda=Mal>

2) Í annan stað vitna ég til þess hve auðvirðilegt það er að eigna sér verk annarra og hefur slíkt þótt allra ræfilslegast hjá þeim sem flokka sig til vísindamanna. Framkvæmdastjóri vissi allt um þetta því hann hafði víst farið hamförum í kjölfar þess er fréttir bárust af upphafi rannsókna minna í Ríkissjónvarpinu og líklega ekki verið betur stemmdur þegar skýrt var frá því í fréttum ríkissjónvarpsins s.l. haust að Laxfiskar ehf hefði endurheimt fyrstu laxana úr sjó þar sem tiltæk væru mæligögn yfir heildarferðalag þeirra í sjó. Mögulegt er að ég sjái ástæðu að kæra þetta til vísindasiðanefndar en er reyndar farin að þreytast á því að kæra alla mögulega hluti bara til þess að menn hagi sem slíkir væru. Minnstæð er kæra mín til Landbúnaðarráðuneytisins um ákvörðun Fiskræktarsjóðs er varðaði það að sjóðurinn hafnaði umsókn minni með vísun í það að hún væri ekki á starfsviði Fiskræktarsjóðs. Lögfræðingar Landbúnaðarráðuneytis og þú reyndust hinsvegar á öndverðri skoðun við sjóðinn eftir að hafa lesið röksemdir mínar og þú eigin hendi afturkallaðir ákvörðun Fiskræktarsjóðs úr gildi 14. febrúar 2004 með eftirfarandi úrskurðarorðum:

"Ákvörðun kærðu dags. 14. apríl um að synja kæranda um styrk úr Fiskræktarsjóði er úr gildi felld." Skyldi ég hafa fengið styrkinn í kjölfarið? Aldeilis ekki, því nú fann sjóðurinn það út að fyrst verkefnið væri á starfsviði sjóðsins þá væri það ekki nægilega áhugavert. Víst skipti meiru fyrir mitt rannsóknarfyrirtæki að eiga möguleika á styrkjum til rannsókna frá Fiskræktarsjóði heldur en að halda áfram með þetta kærsmål jafn sérkennileg og málsmeðferð sjóðsins var þó orðin. Því verður nefnilega ekki breytt að Fiskræktarsjóður er eini haldbæri möguleikinn frá ári til árs að fá styrki í rannsóknir í mínu starfsumhverfi. Það breytir sem fyrr ekki því að þrátt fyrir að Laxfiskar líkt og aðrir rannsóknaraðilar eigi Fiskræktarsjóði margt gott að þakka, þá verður að teljast eðlilegt að fá að benda á þá galla sem í kerfinu eru og einn slíkur er vanhæfi Óðins Sigbórssonar vegna setu hans í stjórn Fiskræktarsjóðs.

3) Í þriðja lagi nefni ég þetta nú af því að á ársfundi Veiðimálastofnunar í liðinni viku þá nefndi ég sérstaklega og beindi orðum mínum til þín svo öllum fundarmönnum var ljóst. Að það væri við hæfi að einkaðilar í rannsóknnum á borð við rannsóknarfyrirtæki mitt tækju yfir eitthvað af þeim rannsóknnum sem væru að ríða fjárhag Veiðimálastofnunar á slig, svo mjög að hallarekstur Veiðimálastofnunar væri vaxandi og viðvarandi á meðan ný lagafrumvörp um þetta starfsumhverfi þvergirtu fyrir eðlilegt jafnræði einkaaðila samanborið við aðstöðu Veiðimálastofnunar. Nefndi ég sem dæmi umræddar rannsóknir á laxi í sjó sem byggja á mælimerkingum gönguseiða laxa, enda gæti fyrirtæki mitt sökum fyrirliggjandi þekkingar, aðstöðu og annarra þátt sem varða hagkvæmni verkefnisins framkvæmt verkið á hagkvæmari máta en Veiðimálastofnun. Þá sagði ég og endurtek nú að þessum síðustu tímum ættu menn að fagna einkaframtaki á þessu sviði sem öðrum og færa sér í nyt eftir mátti. Þetta á ekki síst við þegar ríkisstofnanir í samkeppni á borð við Veiðimálastofnun, sem átöluhlust hefur farið gríðarlega fram úr fjárlögum (allt að 30% halli/ár miðað ríkisframlagið) án þess að framkvæmdastjóri og stjórn sæti nokkurri ábyrgð.

Áður en ég lýk þessu erindi mínu sem varðar vanhæfi Óðins Sigbórssonar sem stjórnarmanns í Fiskræktarsjóði, þá ætla ég að benda á 2 lítil dæmi sem eru á sinn dæmi um þá hlutdrægni sem er að finna í hans stjórnunarháttum. Eins og kom fram á fundi um lagafrumvörp í gærkveldi, þá

gegnir Óðinn Sigbórsson fleiri opinberum embættum en þeim tveimur sem nefnd hafa verið. Eitt þeirra er formennska fyrir Landsamband Veiðifélaga.

Á aðalfundi Landsambands Veiðifélaga sem haldinn var að Skógum undir Eyjafjöllum dagana 11.-12. júní 2004 var samþykkt eftirfarandi greinagerð (úr Fréttabréfi LV nr. 82 17. ágúst 2004):

*"Mörg undanfarin hefur Veiðimálastofnun verið rekin með halla. Fjárveitingar til rannsókna í ám og vötnum eru lágar þegar borið er saman við fjárveitingar til rannsókna í öðrum atvinnugreinum. Árið 2004 er fjárveiting til stofnunarinnar 55,5 milljónir króna. Ljóst er að sú upphæð dugar ekki til að halda uppi óbreyttri starfsemi og er skorað á ladbúnaðarráðherra og Fjárlaganefnd að auka það framlag svo tryggja megj reksturinn"*

Undirritaður hefði haldið að það hefði verið smekklegra að vitna til rannsóknarmálaflokksins í heild án þess að tiltaka þarfir Veiðimálastofnunnar einnar, enda þótt reksturinn gengi illa. Af hverju þarf Veiðimálastofnun líka að þenja rekstur sinn í allar áttir þegar fjármunir eru takmarkaðir? Málið er að einkaðilar, hvort sem það eru sjálfstætt starfandi rannsóknarfyrirtæki, einstaklingar eða sérfræðingar verkfræðiskrifstofa geta séð um alla þá vinnu sem samkeppni er um.

Annað lítið dæmi um þetta og óbeinna er frá Kastljósþætti sjónvarps þar sem Óðinn Sigbórsson og Sigurður Guðjónsson mættu saman í til að spjalla almennt um laxveiði sumarsins o. fl. Því tengt á liðnu hausti nokkrum dögum eftir að greint var frá því að fyrstu mælimerktu laxarnir væru komnir í hús frá rannsóknnum Laxfiska. Þá sá Óðinn Sigbórsson formaður Landssambands Veiðifélaga með meiru ekki ástæðu til þess að víkja að þeim fréttum einu orði enda þótt eitt og sér að það væri frétt á heimsvísu í rannsóknnum á laxi að þessum áfanga væri náð og gaman væri til þess að vita að sá áfangi hefði fyrst náðst hér.

Meðfylgjandi hér að neðan er sá kafli stjórnarsýslulaganna sem vitnað var til fyrir í bréfinu.

## **II. kafli. Sérstakt hæfi.**

3. gr. Vanhæfisástæður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
  2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
  3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
  4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnarsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
  5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]<sup>1)</sup>
  6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.
- Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

1)L. 49/2002, 1. gr.

Í lokin ítreka ég ósk mína um það að Óðinn Sigbórsson og um leið aðrir stjórnarmenn Veiðimálastofnunar sitji ekki í stjórn Fiskræktarsjóðs með vísun í áður nefnt vanhæfi sem af því hlýst.

Réttlætiskveðjur,

Jóhannes Sturlaugsson

Afrit send tveimur skrifstofustjórum í Landbúnaðarráðuneytinu þeim Hákoni Sigurgrímssyni og Niels Árna Lund enda málefni sem varðar Landbúnaðarráðuneytið almennt og þarf einnig að vistast sem slíkt.

\*\*\*\*\*

Jóhannes Sturlaugsson

Johannes Sturlaugsson

Laxfiskar ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær

Salmon and Trout Research  
Hradastadir 1, P.O.Box 280  
IS - 270 Mosfellsbaer  
Iceland

Sími: 664 70 80

Phone: +354 664 70 80

Tölvupóstfang:

[johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Email: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

\*\*\*\*\*

----- Original Message -----

**To:** [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)  
**Cc:** [guðni.agustsson@lan.stjr.is](mailto:guðni.agustsson@lan.stjr.is)  
**Sent:** Wednesday, April 26, 2006 11:12 AM  
**Subject:** Emailing: 20060426103916163

Sæll Jóhannes.

Sendi þér úrdrátt úr fundargerð Veidimálanefndar í tilefni af ummælum þínum á fundi í gær.  
Vek athygli þína á liðum 1.18 og 1.19.

Kv Óðinn Sigþórsson

132/172

**Alþingi**

**Erindi nr. P 132/1727**

**komudagur 21. 4. 2006**

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elísabet Rán Andrésdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006  
2006030036/42-1  
JGO/rsb

**Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál - umsögn**

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis frá 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.

Náttúrufræðistofnun setti fram nokkrar athugasemdir við frumvarpið á undirbúningsstigi áður en það var lagt fram á Alþingi og hefur verið tekið tillit til þeirra. Stofnunin gerir því enga athugasemd við frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/1630  
komudagur 18.4.2006

Akranes 16. 4. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 28. mars sl. fór landbúnaðarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um eftirgreind frumvörp til laga:

1. Frumvarp til laga um eldi vatnasfiska, 595. mál.
2. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.
3. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál.
4. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.
5. Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.

Stjórn félagsins hefur fjallað um frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Ólafur Þ. Hauksson.

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1815  
komudagur 25.4.2006

UST

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

21. apríl 2006

Skjalanúmer: 57.0

Tilvísun: UST20060300157/KG

### Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.

Umhverfisstofnun vísar til þess að í framangreindu erindi nefndarinnar er jafnframt óskað umsagnar stofnunarinnar um 4 önnur frumvörp en öll þessi mál tengjast endurskoðun á núgildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Athugasemdir um þá heildarendurskoðun er að finna í umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál (tilvísunarnúmer UST20060300158).


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 4. gr. frumvarpsins er hlutverk Veiðimálastofnunar útvíkkað umtalsvert frá því sem lýst er í gildandi lögum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Veiðimálastofnun sem rannsóknastofnun (sbr. 1. gr.) sé sjálfstæð og starfsemin aðskilin frá stjórnábyrgingum hlutverkum, sbr. 2. og 9. tl. 4. gr. Umhverfisstofnun hefur þann skilning að stjórnábyrging þessara mála sé á verksviði Landbúnaðarstofnunar (sem arftaka embættis veiðimálastjóra). Landbúnaðarstofnun geti hins vegar (eins og aðrir) leitað faglegs álits Veiðimálastofnunar á gæðum gagna. Umhverfisstofnun leggur til að orðalagi framangreindra tölulíða verði breytt sem hér segir:

2. tl. að stuðla að því að nýting ferskvatnsvistkerfa sé sjálfbær
9. tl. að veita upplýsingar og faglegt álit á gögnum

Óski landbúnaðarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1816*  
*komudagur 25.4.2006*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Landbúnaðarnefnd**  
**b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. apríl 2006.

**Efni: Frumvarp til laga Veiðimálastofnun (612. mál)**

Þótt nefndin hafi ekki óskað eftir umsögn Viðskiptaráðs Íslands um þetta frumvarp vill ráðið gjarnan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Veiðimálastofnun er ríkisrekin rannsóknarstofnun sem er jafnframt í samkeppni um rannsóknar- og þjónustuverk við ýmiss fyrirtæki á þessu sviði. Í 6. gr. frumvarpsins þar sem segir að Veiðimálastofnun sé heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi. Í 1. gr. frumvarpsins segir að starfsvið Veiðimálastofnunar sé á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra. Þarna er stofnuninni því falin vægast sagt mjög víðtæk heimild til að stunda samkeppnisstarfsemi. Á sama tíma þurfa samkeppnisaðilar hennar lögum skv. að leita til stofnunarinnar til að fá úttektir, umsagnir, álitssgerðir og leyfi á þessu sviði. Setur það einkaaðila á þessu sviði í mjög ankannalega stöðu gagnvart stofnuninni. Þetta hefur í för með sér óeðlilega mismunun á samkeppnisstöðu, Veiðimálastofnun í hag, enda hefur stofnunin þá í krafti eftirlitshlutverks síns aðgang að viðkvæmum upplýsingum frá samkeppnisaðilum sínum. Ekkert girðir fyrir það í frumvarpinu að stofnunin hagnýti sér þessar upplýsingar í samkeppnisrekstri sínum.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum á þessu þingi,** heldur verði málinu frestað og hugað betur að ofangreindum athugasemdum ráðsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson